FRÉTTABLAÐIÐ

26. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 31. JANÚAR 2020



Um átta hundruð manns mættu á baráttufund BSRB, Bandalags háskólamanna og Félags hjúkrunarfræðinga sem haldinn var í Háskólabíói í gær. Opinberir starfsmenn hafa verið með lausa kjarasamninga í tíu mánuði og virtust fundarmenn sammála um að þolinmæðin væri á þrotum. Formaður BSRB segir skilaboð félagsmanna um aðgerðir skýr. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# MDE tekur mál Sigurjóns fyrir

**Mannréttindadómstóll Evrópu tekur markaðsmisnotkunarmál þriggja stjórnenda Landsbankans til efnismeðferðar. Spurningum beint til íslenska ríkisins um hlutabréfaeign þriggja dómara við Hæstarétt.**

**DÓMSMÁL** Markaðsmisnotkunarmál lykilstarfsmanna Landsbankans fær efnismeðferð hjá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) samkvæmt ákvörðun dómsins fyrr í mánuðinum.

Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, Ívar Guðjónsson, fyrrverandi forstöðumaður eigin fjárfestinga bankans, og Sindri Sveinsson, fyrrverandi starfsmaður eigin fjárfestinga bankans, voru allir dæmdir til fangelsisrefsingar fyrir markaðsmisnotkun með dómi Hæstaréttar í febrúar 2016.

Þeir vísuðu málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu sem hefur úrskurðað um meðferðarhæfi málanna. Líkt og nokkur fjöldi annarra svokallaðra hrunmála komst málið í gegnum nálaraugað í Strassborg en mjög lítill hluti kæra fær efnismeðferð hjá dóminum.

Hefur dómurinn beint spurningum til íslenska ríkisins um mál kærendanna þriggja sem byggja á því að brotið hafi verið á rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar og að mál þeirra hafi ekki verið dæmd af óvilhöllum dómstól vegna fjárhagslegs taps sem tilteknir dómarar við Hæstarétt urðu fyrir við fall bankanna.

Er meðal annars á því byggt að þeir dómarar við Hæstarétt, sem

> **Dómstóllinn skoðar nú fjögur mál sem varða meint vanhæfi sex dómara við Hæstarétt.**

áttu hlutabréf í Landsbankanum og urðu fyrir tjóni við fall bankans, hefðu átt að víkja sæti í málinu vegna vanhæfis.

Óskar dómurinn eftir svörum frá ríkinu um fjárhagslega hagsmuni dómaranna Eiríks Tómassonar, Markúsar Sigurbjörnssonar og Viðars Más Matthíassonar í einhverjum hinna föllnu banka þegar þeir atburðir gerðust sem leiddu til málaferla og að lokum sakfellingar Sigurjóns, Ívars og Sindra. Umræddir dómarar eru allir komnir á eftirlaun.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá eru mál um meint vanhæfi dómara við Hæstarétt í málum fyrrverandi eigenda og lykilstarfsmanna úr öllum föllnu bönkunum þremur komin til efnismeðferðar hjá MDE.

Málin eru nú orðin fjögur og varða meint vanhæfi sex hæstaréttardómara sem dæmdu umrædd mál hér heima. Einn þeirra, Markús Sigurbjörnsson þá forseti Hæstaréttar, sat í dómi í þeim öllum. **– aá**



Í Wuhan-borg. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Neyðarástand á heimsvísu

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðismálastofnun lýsti í gærkvöld yfir neyðarástandi á heimsvísu vegna kórónaveirunnar. Um átta þúsund manns hafa smitast af veirunni sem á upphaf sitt að rekja til Wuhan í Kína. Um 170 manns hafa látist.

Áhrif veirunnar eru margvísleg. Hefur Rússland lokað landamærunum að Kína og nokkur flugfélög hafa fellt niður flug til þangað. Hætt hefur verið við ýmsar fjöldasamkomur í Kína. **– ab, bdj** / sjá síðu 8



## Veður




Norðlæg átt 5-13 m/s. Snjókoma með köflum um landið norðanvert, en léttskýjað að mestu syðra. Norðan 8-15 og bætir í ofankomu norðanlands síðdegis.
SJÁ SÍÐU 20

## Spilað í Hörpu



Reykjavík Bridge Festival hófst í Hörpunni í gærkvöldi. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sagði fyrstu sögnina við opnunarathöfn hátíðarinnar sem stendur fram á sunnudag. Jafet Ólafsson, forseti Bridgesambands Íslands, fylgdist grannt með. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Skólinn var rýmdur að hluta í fyrra.

# Ósonhreinsun í Fossvogsskóla

**REYKJAVÍK** Smíða á nýjan þakglugga á Fossvogsskóla og ósonhreinsa heimilisfræðistofuna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Ingibjörgu Ýri Pálmadóttur skólastjóra til foreldra.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá um helgina hefur borið á leka og myglu þrátt fyrir að farið hafi verið í framkvæmdir í fyrra til að uppræta myglu. Alls kostuðu þær framkvæmdir 420 milljónir króna.

**Gert er ráð fyrir að viðbótarframkvæmdirnar kosti 50 milljónir.**

Þakglugginn í miðrými vesturbyggingar skólans lekur, verður byggt yfir gluggann þangað til nýjum verður komið fyrir í vor. Búið er að tæma geymslu í kjallara byggingarinnar sem ekki var tæmd í framkvæmdunum í fyrra. Þar er búið að slípa af málningu og þrífa með þar til gerðum hreinsiefnum.

Allt rýmið í heimilisfræðistofunni hefur verið endurnýjað nema eldhúsinnréttingin. Segir Ingibjörg að þar séu engin merki um leka eða rakavandamál. Þrátt fyrir það var ákveðið að ósonhreinsa allt rýmið.

Er um að ræða hreinsun sem tekur tvo til þrjá daga. Að því loknu verður metið hvort það hafi skilað tilætluðum árangri.

Í svari Reykjavíkurborgar segir að gert sé ráð fyrir að viðbótarframkvæmdirnar komi til með að kosta 50 milljónir króna. – ab

# Rekstrarsnilld hjá Póstinum

**VIÐSKIPTI** Íslandspóstur stundar undirverðlagningu á pakkaflutningum og sendibílaþjónustu innanlands að sögn Ólafs Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda. Í grein á frettabladid.is í dag gerir Ólafur ítarlegan samanburð á gjaldskrá Íslandspósts og landflutningafyrirtækja.

Þá hafi gjaldskrá pakkasendinga hjá Póstinum lækkað um áramótin.

„Vaknar sú spurning hvort hjá ríkisfyrirtækinu sé einhver rekstrarsnilld í gangi sem gerir því kleift að bjóða svona hagstætt verð, byggt á raunkostnaði við þjónustuna,“ segir Ólafur. Líklega lendi tapið á skattgreiðendum. – ab / sjá frettabladid.is



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.



NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS

# Hyggst flýja með reisn úr Grindavík til Eyja

**Adólf Sigurgeirsson flúði Vestmannaeyjar í eldgosinu 1973 og settist að í Grindavík. Jarðhræringarnar nú vekja ljúfsárar minningar en skjóta Adólf ekki skelk í bringu. Ef gýs hyggst hann loka hringnum og flýja aftur til Eyja.**

**SAMFÉLAG** Eftir eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973 flutti allnokkur hópur Eyjamanna til Grindavíkur og hóf þar nýtt líf. Einn af þessum brottfluttu Eyjamönnum er Adólf Sigurgeirsson sem nú er 89 ára gamall. Hann missti húsið sitt í Vestmannaeyjum í hamförunum á sínum tíma en fjölskyldunni var tekið opnum örmum í sjávarplássi suður með sjó, Grindavík.

„Okkur var fyrst tjáð að það væri ekkert húsnæði laust í Grindavík. Síðan fréttist að ég væri járnsmiður og þá var fjölskyldunni þegar útveguð íbúð og mér var tjáð að ég fengi aldrei að yfirgefa Grindavík,“ segir Adólf kíminn. Sú ráðstöfun stóð stutt yfir og skömmu síðar var fjölskyldunni úthlutað húsi í bænum. Þar hefur Adólf búið síðan og unir hag sínum vel.

„Mér hefur alltaf liðið vel í Grindavík. Kannski er það vegna þess að Grindavík er sama rokrassgatið og Vestmannaeyjar. Ég kann vel að meta rokið,“ segir Adólf.

Hann rifjar upp að fjölskyldan hafi ekki fyrr komið sér fyrir í Grindavík en að miklar jarðhræringar urðu á svipuðum slóðum og nú. „Okkur brá illilega enda var skammt liðið frá hamförunum sem við upplifðum í Eyjum,“ segir Adólf. Hann segist hafa rokið til og klætt sig í sparifötin sem hafði vakið furðu eiginkonu hans og þá hafi hann tjáð henni að í þetta skiptið ætlaði hann að flýja með reisn.

Adólf segir að jarðhræringarnar nú séu sannarlega óþægilegar en að hann óttist þó ekki.

„Ég verð ekki hræddur en ég upplifi helst einmanaleika. Ég missti konuna mína fyrir tveimur árum og það er skrítið að vera einn og hafa engan til að ræða við um þessa atburði,“ segir Adólf.



Adólf Sigurgeirsson missti hús í gosinu í Heimaey. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Ég missti konuna mína fyrir tveimur árum og það er skrítið að vera einn og hafa engan til að ræða við um þessa atburði.
>
> Adólf Sigurgeirsson í Grindavík

Hann segir að pólskir nágrannar hans bjargi þó miklu. „Þetta eru vinir mínir og úrvalsfólk í alla staði. Þau vilja allt fyrir mig gera,“ segir Adólf.

Ef eldgos hefst við Grindavík er Adólf með áætlun á reiðum höndum. „Þá bruna ég til Þorlákshafnar og sigli aftur til Vestmannaeyja. Loka hringnum,“ segir hann og hlær. bjornth@frettabladid.is

BOSS HUGO BOSS

SAND COPENHAGEN

POLO RALPH LAUREN

Stenströms

EMPORIO ARMANI

eterna

gardeur

HUGO HUGO BOSS

CORNELIANI

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI collezione

MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Skýr krafa um aðgerðir ef ekkert miðar að sögn formanns BSRB

**KJARAMÁL** „Ef okkur miðar ekkert áfram í kjarasamningunum þá er alveg skýr krafa frá okkar fólki um að það verði gripið til aðgerða, sem eru verkföll og það skýrist á næstu dögum hvað við höfum í hyggju,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

BSRB, Bandalag háskólamanna og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga boðuðu til baráttufundar fyrir félagsmenn sína í Háskólabíói í gær. Fundinum var streymt víða um land og var krafa fundarins að opinberir launagreiðendur gangi þegar í stað til kjarasamninga við starfsfólk sitt. Kjarasamningar opinberra starfsmanna hafa verið lausir í tíu mánuði, eða frá 1. apríl 2019.



Sonja Þorbergsdóttir, formaður BSRB, í ræðustóli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Núna erum við að segja hingað og ekki lengra. Við verðum að klára þetta, okkar fólk getur ekki beðið lengur eftir kjarabótum og ef það kemur ekki þungi í kjaraviðræðurnar þá verður gripið til aðgerða,“ segir Sonja. „Skipulagið er klárt, það bara tekur sinn tíma að boða til atkvæðagreiðslna. Við erum að horfa á samstilltar aðgerðir sem við viljum bera undir okkar félagsmenn,“ bætir hún við.

Sonja segir mikla samstöðu hafa ríkt á fundinum og að félögin sem að honum stóðu hafi verið ánægð með hvernig til tókst. Um 800 manns mættu á fundinn. „Það eru allir undirbúnir í þetta. Nú er bara spurning um það hvort kröfum okkar verður mætt af alvöru eða hvort það verði áfram þessi seinagangur í viðræðunum líkt og við höfum upplifað síðustu tíu mánuði.“ **– bdj**

## Lést í snjóflóði

Maðurinn sem lenti í snjóflóðinu við Móskarðshnúka á miðvikudag er látinn. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni. Hann hét Sigurður Darri Björnsson og var 23 ára, til heimilis í Hafnarfirði.

Sigurður Darri var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítala en var úrskurðaður látinn við komuna þangað.

Lögreglan fékk tilkynningu um að þrír menn hefðu lent í snjóflóði við Móskarðshnúka um klukkan hálf eitt í fyrradag og voru allir tiltækir viðbragðsaðilar kallaðir út til leitar. Sigurður Darri fannst um tveimur tímum síðar.

## Kannast ekki við ósætti

**REYKJAVÍK** Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, kannast ekki við ósætti við Hollvinasamtök Elliðaárdalsins um myndaval við undirskriftasöfnun samtakanna.

Í skilaboðum sem Helga Björk sendi í gengum almannatengil borgarinnar segir hún að allt samstarf vegna undirskriftasöfnunarinnar hafi gengið vel. Myndaval samtakanna hafi ekki sýnt rétta afstöðu reitsins. Hún hafi þá boðist til að útbúa nýja mynd í réttum hlutföllum sem samtökin hafi þegið með þökkum.

Halldór Páll Gíslason, formaður Hollvinasamtakanna, segir hins vegar að hann kannist ekki við að vera sáttur.

Yfirlitsmyndir af Elliðaárdal víxluðust á síðu 6 í blaðinu í gær. Myndin til hægri átti að vera til vinstri og öfugt. **– ab**

Fáðu Fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning** Það kostar ekkert.

# Hyggst leita réttar síns vegna eineltis sveitarstjórnarmanns

**Kennari og leiðbeinandi hrökkluðust úr starfi vegna meints eineltis í Patreksskóla í Vesturbyggð. Málið er afar viðkvæmt innan sveitarfélagsins. Meintur gerandi situr í meirihlutanum í sveitarstjórn. Lögfræðingur kennarans segir niðurstöðu eineltisteymis Vesturbyggðar vera þá að um einelti hafi verið að ræða.**

**VESTURBYGGÐ** Tveir starfsmenn, menntaður kennari og leiðbeinandi, sögðu upp vegna meints eineltis innan Patreksskóla í fyrra.

Kennarinn hóf störf haustið 2018 en sagði upp í apríl 2019. Leiðbeinandinn lét af störfum í nóvember í fyrra en þá hafði eineltið beinst gegn honum eftir að hann steig fram ásamt hópi samstarfsfólks og mótmælti framkomu meints geranda.

Hinn meinti gerandi er María Ósk Óskarsdóttir, leiðbeinandi í skólanum og sveitarstjórnarfulltrúi í Vesturbyggð. Þar situr hún í meirihluta sveitarstjórnar fyrir hönd Nýrrar sýnar sem felldi meirihluta Sjálfstæðisflokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

Málið tengist erjum innan fjölskyldu María Óskar og kennarans. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er María Ósk sökuð um að hafa tekið deilurnar inn á vinnustaðinn og gert starfsaðstæður kennarans þannig óbærilegar.

Í samtali við Fréttablaðið vísar María Ósk ásökununum á bug. Kveðst hún ekki vilja tjá sig um málið.

Ástandið varð svo slæmt að fimm manna hópur annarra kennara og leiðbeinenda fór á fund félagsmálastjóra Vesturbyggðar og kvartaði undan framkomu Maríu Óskar í garð kennarans. Áður höfðu fimmmenningarnir kvartað við trúnaðarmanninn innan skólans.

Ekki var gripið til neinna aðgerða og eftir að kennarinn sagði upp taldi leiðbeinandi í hópi fimmmenninganna að María Ósk hefði beint spjótum sínum að sér. Fljótlega hefðu vinnuaðstæður viðkomandi orðið óboðlegar og sagði viðkomandi upp störfum þegar nokkrir mánuðir voru liðnir á haustönn síðasta árs.



Patreksskóli er sagður vera vettvangur meints eineltis sveitarstjórnarfulltrúa í Vesturbyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Niðurstaða skýrslunnar er sú að skjólstæðingur minn hafi verið beittur einelti á vinnustað.**
>
> Sigurður Freyr Sigurðsson, lögmaður kennara á Patreksfirði



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru starfsmennirnir ósáttir við aðgerðaleysi skólastjórnenda og sveitarfélagsins. Eftir langa bið var kennarinn boðaður í viðtal hjá eineltisteymi bæjarfélagsins og sömuleiðis meintur gerandi, María Ósk. Langan tíma tók að vinna úr málinu en þegar skýrslan leit loks ljós var niðurstaðan skýr.

„Niðurstaða skýrslunnar er sú að skjólstæðingur minn hafi verið beittur einelti á vinnustað,“ segir Sigurður Freyr Sigurðsson, lögmaður kennarans.

Sigðurður Freyr staðfestir enn fremur að kennarinn hyggist leita réttar síns gagnvart Vesturbyggð.

**arib@frettabladid.is**




# Þrír staðir í Þjórsárdal friðlýstir í gær

**UMHVERFISMÁL** Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði í gær friðlýsingu hluta Þjórsárdals sem landslagsverndarsvæðis.

„Þetta er mjög gott dæmi um hvernig megi beita friðlýsingum sem aðferð við að stýra álagi ferðamanna á náttúruperlur okkar,“ er haft eftir Guðmundi Inga í tilkynningu frá ráðuneyti hans.

Innan friðlýsta svæðisins eru þrír staðir sem samhliða eru friðlýstir sem náttúruvætti; Gjáin, Háifoss og Granni og Hjálparfoss, að því er segir í tilkynningunni. Þetta sé fyrsta friðlýsing í friðlýsingarflokki landslagsverndarsvæða á Íslandi.


Undirritun friðlýsingarinnar fór fram í Árnesi. MYND/UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

„Gjáin hefur verið vinsæll ferðamannastaður og er helsta aðdráttaraflið lítt röskuð náttúra og friðsæld. Háifoss, Granni og Stöng eru einnig fjölsóttir ferðamannastaðir í Þjórsárdal. Friðlýsingunni er ætlað að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess,“ segir í tilkynningunni. Halda eigi hefðbundnum nytjum við því þær séu forsenda þess að varðveita einkenni landslagsins.

Þá kemur fram að friðlýsingin hafi verið unnin í samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og forsætisráðuneytið. Eftir að friðlýsingarferlið hófst hafi verið lagður aukinn kraftur í umönnun svæðisins og eftirlit. „Og var landvarsla því í fyrsta skipti á svæðinu frá sumarbyrjun til loka nóvember í fyrra.“ **– gar**



Lottó
toppur
nettó
ICELANDAIR
Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817
Allir Geta Dansað
Veigar
900-9003
Vala
900-9004
Manuela
900-9001
Jón Viðar
900-9002
Haffi Haff
900-9005
ÚRSLITAKVÖLD
BEIN ÚTSENDING
Í KVÖLD
Ljósið
Í lokaþættinum styrkjum við Ljósið.
Endurhæfingarmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra.

# Lítil skjálftavirkni í gær en áfram mælist landris

**JARÐHRÆRINGAR** Enn mælist landris vestan við fjallið Þorbjörn en lítil jarðskjálftavirkni var í gær við Grindavík að því er fram kom í færslu jarðvísindamanns hjá Veðurstofunni um kvöldmatarleytið í gær.

„Með auknu eftirliti berast nú fleiri gögn í hús sem gefa skýrari mynd af þróun mála við Þorbjörn. Nýjasta GPS-úrvinnslan sýnir áframhaldandi landris á svæðinu vestan við Þorbjörn. Í heildina hefur land risið um 3 sentimetra frá 20. janúar,“ segir á vedur.is.

„Búast má við áframhaldandi skjálftavirkni á svæðinu og að áfram finnist stærstu skjálftarnir í hrinunni í grennd við Grindavík. Líklegasta skýring þessarar virkni er kvikuinnskot á þriggja til fimm kílómetra dýpi rétt vestan við Þorbjörn. Algengast er að kvikuinnskotavirkni ljúki án eldsumbrota.“ **– gar**


**AÐALFUNDUR**
**Félags atvinnurekenda**

**fer fram í Nauthóli, Nauthólsvegi 106, kl. 16.30 þriðjudaginn 11. febrúar næstkomandi.**

Dagskráin er eftirfarandi, skv. lögum FA:

1. Skýrsla stjórnar um starf félagsins árið 2019.
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
3. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Kjör þriggja meðstjórnenda í stjórn félagsins.
6. Kjör skoðunarmanns.

Við vekjum athygli á opnum fundi sem fram fer á undan aðalfundinum, kl. 14, undir yfirskriftinni **„Grænt frumkvæði fyrirtækja“**. Skráning á báða fundina á **atvinnurekendur.is**

FÉLAG ATVINNUREKENDA





## Bretar ganga út



Andstæðingar Brexit efndu til mótmæla fyrir utan breska þinghúsið í London í gær þar sem útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu var mótmælt. Bretland og Norður-Írland munu ganga úr sambandinu klukkan ellefu í kvöld, 188 vikum eftir að Brexit var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 23. júní árið 2016. NORDICPHOTOS/GETTY

# Boðar bótakröfu eftir langdregið skattamál

**Héraðssaksóknari hefur ákært fjárfestinn Bjarna Ákason fyrir 44 milljóna skattsvik. Bjarni segir málið réttarfarslegan skandall. Hann muni fara með það alla leið. Tekist verður á um frávísunarkröfu málsins í héraðsdómi í dag.**

**DÓMSMÁL** Héraðssaksóknari hefur ákært fjárfestinn Bjarna Ákason fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa stungið um 44 milljónum króna undan skatti.

Forsaga málsins er löng. Bjarna er gefið að sök að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2008, 2010 og 2011 vegna tekna sem var aflað árin á undan. Í ákæru er haldið fram að Bjarni hafi tekið út fjárhæðir sem nemur samtals 115 milljónum króna á þessum árum úr tveimur eignarhaldsfélögum og hafi hann látið undir höfuð leggjast að gefa tekjurnar upp til skatts. Þannig hafi hann komist hjá því að greiða tæpar 44 milljónir króna í skatt.

Að sögn Bjarna má rekja málið til þess að hann hafi haft frumkvæði af því að leiðrétta skattframtöl sín og fyrirtækja sinna á sínum tíma. „Það liggur fyrir að endurskoðendur mínir gerðu mistök á sínum tíma. Ég hafði sjálfur frumkvæði að

> **Þessi ákæra héraðssaksóknara er því í raun tilraun til þess að dæma mig í þriðja sinn fyrir mál sem ég hafði frumkvæði að að tilkynna sjálfur.**


Bjarni Ákason

því að óska eftir leiðréttingu framtalanna á sínum tíma,“ segir hann.

Niðurstaða skattsins hafi verið sú að heimila leiðréttingu á skattframtölum eignarhaldsfélaganna en ekki á hans persónulega framtali. „Í framhaldinu var ég dæmdur til þess að greiða fjármagnstekjuskatt af upphæðinni sem ég og gerði,“ segir Bjarni. Hann hafi þar með talið málinu lokið en það var öðru nær.

„Síðan þá hefur þessi vitleysa gengið fram og til baka. Síðan var úrskurðað um að ég þyrfti að borga tekjuskatt af upphæðinni og það gerði ég. Ég hef síðan tvisvar fengið endurgreitt frá Ríkisskattstjóra með leiðréttingum eftir úrskurð yfirskattanefndar,“ segir Bjarni sem er afar ósáttur við „nornaveiðarnar“ sem síðan hafi haldið áfram. „Þessi ákæra héraðssaksóknara er því í raun tilraun til þess að dæma mig í þriðja sinn fyrir mál sem ég hafði frumkvæði að að tilkynna sjálfur. Það á ekki að þekkjast í réttarríkjum.“

Hann gagnrýnir einnig harðlega hvað málið hefur velkst lengi um í kerfinu. „Ég var 47 ára gamall þegar ég hóf þetta mál og er að verða sextugur núna. Samt er málinu hvergi nærri lokið,“ segir Bjarni. Hann segist ætla að verjast af hörku í réttarsal og síðan muni hann kæra málsmeðferðina. „Ég ætla að fara í skaðabótamál. Ég fer með þetta mál alla leið.“

**bjornth@frettabladid.is**


ILVA
ALLTAF OPIN - VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS -
Útsölunni
LÝKUR 6. FEBRÚAR
169.900
SPARAÐU 60.000
PHOENIX SÓFI. 3ja sæta með gráu áklæði. L 238 x D 94 cm.
Áður 229.900 kr. NÚ 169.900 kr.
159.900
SPARAÐU 40.000
LUXOR HÆGINDASTÓLL + SKEMILL
með ljósu leðuráklæði.
Áður 199.900 kr. NÚ 159.900 kr.
INCONTRI VÍNGLÖS 43 cl. 4 í pk.
Áður 3.495 kr. Nú 2.796 kr.
25%
29.925
SPARAÐU 9.975
BLEND SÓFABORÐ Hvíttuð olíuborin eik. L 100 x B 70 cm.
Áður 39.900 kr. Nú 29.925 kr.
25%
DOROTHY HUNDAKARFA 84x73 cm. Bastkarfa með púða.
Áður 12.995 kr. NÚ 9.746 kr
40%
HAWK BORÐSTOFUSTÓLL.
Svart áklæði og svartir fætur..
Áður 29.900 kr. NÚ 17.900 kr
VETRO BORÐSTOFUSTÓLL.
Grátt velvet áklæði og svartir fætur..
Áður 39.900 kr. NÚ 29.900 kr
9.995
SPARAÐU 3.250
25%
MIB LOFTLJÓS. Svart. Ø42,5 x H 35 cm.
Áður 12.995 kr. NÚ 9.745 kr
25%
PERI SESSA. Ýmsir litir. Ø42,5 x H 35 cm.
Áður 11.995 kr. NÚ 8.995 kr
23%
DC9100 SÓFI. Tveggja sæta sófi með svörtu spalt/leðuráklæði.
L 160 x D 88 cm. Áður 259.900 kr. NÚ 199.900 kr.
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
netgíró
VALITOR
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Áhrifa kórónaveirunnar gætir víða

**Tæplega átta þúsund manns hafa smitast af kórónaveirunni og 170 hafa látist. Veiran hefur borist til fjölmargra landa og áhrifin eru margvísleg. Ekkert tilfelli hefur greinst hér á landi og hefur fólk verið hvatt til að huga vel að handþvotti og að spritta hendur sínar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi smitaðra af kórónaveirunni, sem á uppruna í Whuhan- borg í Kína, er nú að verða sá sami og fjöldi þeirra sem smituðust af HABL-veirunni í byrjun aldarinnar. Alls er búið að staðfesta tæplega átta þúsund smit og 170 manns hafa látist af völdum veirunnar.

Áhrifa veirunnar gætir víða um heim en í gær var rúmlega sjö þúsund farþegum skemmtiferðaskips meinað að fara frá borði á Ítalíu meðan gengið var úr skugga um að tveir farþegar væru ekki smitaðir. Rússland hefur lokað landamærum sínum við Kína og nokkur flugfélög hafa fellt niður flug til Kína.

Í Kína er búið að loka á samgöngur milli nokkurra borga og hefur verið hætt við ýmsar fjöldasamkomur, þá er búið að blása af alla knattspyrnuleiki í landinu.

Flest smit eru í Kína en þau hafa einnig komið upp í Taívan, Taílandi, Ástralíu, Malasíu, Singapúr, Frakklandi, Japan, Suður-Kóreu, Bandaríkjunum, Víetnam, Kanada, Nepal, Filippseyjum, Srí-Lanka, Kambódíu, Indlandi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Þýskalandi og Finnlandi.

Enginn hefur greinst með veiruna hér á landi en Heilsugæslan biður þá sem telja sig hafa einkenni hennar að leita ekki beint á heilsugæslu heldur hringja og leita ráðlegginga. Það er gert til að draga úr smithættu.

Á vef Heilsugæslunnar er greint frá því að helstu einkenni kórónaveirunnar séu hiti, hósti, beinverkir og öndunarerfiðleikar og að einkennunum geti svipað til inflúensueinkenna. Þá er fólki ráðlagt að huga vel að handþvotti og spritta hendur sínar.

Staðfest hefur verið að veiran smitast milli manna og að einstaklingar geti verið sýktir af veirunni í allt að tvær vikur án þess að finna fyrir einkennum. Á þessu tímabili geti smit þó borist á milli fólks. Aðalsmitleið kórónaveirunnar er snertismit en smit getur einnig borist manna á milli með hósta eða hnerra en þó aðeins í mikilli nálægð við smitaðan einstakling, innan tveggja metra.

Sóttvarnalæknir segir handþvott og notkun á spritti helstu leiðina til verndunar gegn smiti. „Hugsanlega notkun á hönskum sem vernda, grímur kannski í einstaka tilfellum en það er ekki stóri þátturinn í þessu.“

arib@frettabladid.is
birnadrofn@frettabladid.is



Hafist var handa við byggingu nýs sjúkrahúss í Wuhan í síðustu viku. Áætlað er að sjúkrahúsið verði tilbúið 3. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Aðalsmitleið kórónaveirunnar er snertismit. Fólk er hvatt til að huga vel að handþvotti og spritta hendur sínar.**



Læknir í Víetnam hlúir að konu sem greindist með veiruna þar í landi.


## Vilt þú starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn VR eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.
**Framboðsfrestur er til kl. 12.00 á hádegi, mánudaginn 10. febrúar 2020.**

Um er að ræða annars vegar einstaklingsframboð vegna sjö sæta í aðalstjórn til tveggja ára, tveggja sæta í aðalstjórn til eins árs og þriggja sæta varamanna til eins árs. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna VR þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar.

Hins vegar er um að ræða listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista Uppstillinganefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 360 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Frambjóðendum er bent á **www.vr.is**, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegri upplýsingar birtar um framboð til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma **510 1700** eða með tölvupósti til **kjorstjorn@vr.is**.

**Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.**

**31. janúar 2020**
Kjörstjórn VR

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR


ÚTSÖLUNNI
LÝKUR Á LAUGARDAG
20-50%
AFSLÁTTUR
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Meðvirkni



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Eru öll ljósin kveikt? Stundum mætti halda ekki. Óþarfi er að fjölyrða um kröfugerð Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg. Þær kröfur, sem virðast óumsemjanlegar, fela í sér heildarlaunahækkanir sem eru tvöfalt hærri – um 180 þúsund á mánuði – en um hefur verið samið við nánast allt starfandi fólk á almennum markaði á grunni Lífskjarasamningsins. Það þýðir, eins og sýnt var fram á í úttekt Markaðarins í vikunni, að launamunur á milli ófaglærðs og háskólamenntaðs starfsfólks á leikskólum borgarinnar mun minnka verulega og verða í sumum tilfellum nær enginn og jafnvel snúast við. Þá verða dagvinnulaun leikskólaliða, sem eiga að baki um tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, nánast þau hin sömu og hjúkrunarfræðinga og iðjuþjálfa. Dettur einhverjum í hug að það yrði samfélagslega samþykkt að gera háskólamenntun þeirra stétta – og annarra – í reynd verðlausa? Auðvitað ekki.

Viðbrögð Eflingar hafa verið fyrirsjáanleg. Félagið hefur ekki gert minnstu tilraun til að leiðrétta meintar rangfærslur heldur hefur farið þá leið, eins og oft áður, að skjóta sendiboðann. Fullyrðingar um að kröfurnar séu alls ekki til þess fallnar að valda höfrungahlaupi, þar sem aðrar stéttir fylgja í kjölfarið og fara fram á sambærilegar launahækkanir, eru með eindæmum ósvífnar í ljósi þess sem sýnt hefur verið fram á hvað felist í reynd í kröfum félagsins. Sú leið, að ætla að sækja mun meiri kjarabætur til ákveðins hóps launafólks, án eftirmála er fullreynd. Standi vilji til þess, eins og allir eru sammála um, að bæta kjör þeirra lægst launuðu væri nærtækara að biðla til Reykjavíkurborgar um markvissar aðgerðir á húsnæðis- og leigumarkaði sem kæmu þeim hópi hvað best.

Forystufólki Eflingar hefur tekist, með snjöllum og vel útfærðum hætti, að taka sér dagskrárvaldið. Flestir fjölmiðlar spila með í meðvirkni sinni, mögulega af ótta við viðbrögðin að öðrum kosti úr herbúðum stéttarfélagsins. Það sama á við um háskólamenn sem veigra sér margir við því að stíga fram og útskýra, sem þeir ættu að gera þekkingar sinnar vegna og í raun skyldu, afleiðingarnar fyrir vinnumarkaðinn ef orðið verður við kröfum Eflingar. Á meðan spilar meirihluti stjórnmálamanna á stundarvinsældir. Allir sem ekki bugta sig og beygja gagnvart málflutningi Eflingar, sem sagan hefur sýnt að er hættulegur og elur á sundrung í samfélaginu, eru umsvifalaust skilgreindir sem hluti af einhverjum efnahagslegum forréttindahópi og ómarktækir sem slíkir – óvinir fólksins. Byltingarfólkið í Eflingu fær því sitt fram og einokar umræðuna án mikillar mótspyrnu.

Það hefur enginn haldið því fram, ólíkt því sem Efling fullyrðir í áróðursstríði sínu, að félagið hafi ekki sjálfstæðan samningsrétt og sé bundið af Lífskjarasamningnum. Efling, ásamt öllum helstu verkalýðsfélögum landsins, stóð hins vegar að þeim samningi, sem það kaus að túlka sem „tímabundið vopnahlé“, sem hefur í flestum meginatriðum heppnast eins og lagt var upp með. Hann tók meðal annars mið af versnandi efnahagsástandi, og þá um leið litlu svigrúmi fyrirtækja til að taka á sig mikinn launakostnað, og það skyti því skökku við ef hin sömu stéttarfélög teldu sig nú vera í þeirri stöðu – þegar niðursveiflan ætlar að reynast dýpri og langvinnari – að sækja langtum meiri launahækkanir til hins opinbera. Við vitum flest, fyrir utan kannski Eflingu, hvernig það endar. Það er því til mikils að vinna fyrir hagsmuni alls launafólks að koma í veg fyrir þá niðurstöðu.

**Forystufólki Eflingar hefur tekist, með snjöllum og vel útfærðum hætti, að taka sér dagskrárvaldið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Írónía**

**Gunnlaugur Ingvarsson, formaður Frelsisflokksins, upplýsti á Útvarpi Sögu að hann og Haraldur Ólafsson, formaður Heimssýnar, ætluðu ásamt reytingi úr félagatali samtakanna í Brexitgleðina í London undir leiðsögn Halls Hallssonar, sem hann sagði sérfræðing í ESB og breskum stjórnmálum. Þessi sérþekking endurspeglast til dæmis í Váfugli, pólitískum spennutrylli hans um útgöngu Íslands úr stórríki Evrópíu. Þegar bókin kom út í enskri þýðingunni Vulture's Lair kynnti Hallur hana einmitt í húsakynnum breska þingsins þangað sem hann mun nú væntanlega leiða íslensku farfuglana.**

**Váflug**

**Lítil hætta er á að Brexit muni valda íslensku gleðilestinni vandræðum í vegabréfaeftirlitinu þar sem Bretar voru aldrei aðilar að Schengen og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur undirritað samning sem heldur samskiptum ríkjanna í sömu skorðum í bili. Breytir því ekki að leyniþjónusta Breta er öflug og hefur góðar gætur á hugsanlegum óvinum ríkisins og gæti átt einhverjar skýrslur um ljót orð sem sumir ferðalanganna létu falla um heimsveldið breska í Icesave-deilunni en þar lét fararstjórinn Hallur ekki sitt eftir liggja og gæti James Bond því átt sitthvað vantalað við hann.**

toti@frettabladid.is

# Mikil tíðindi



Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Þau ánægjulegu tíðindi komu frá Alþingi í vikunni að búið væri að samþykkja tillögu ríkisstjórnarinnar að tillögu til þingsályktunar um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga. Stefnumótunin, sem er hin fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, hefur verið lengi í undirbúningi og víðtækt samráð farið fram um allt land. Á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í haust var samþykkt með afgerandi meirihluta að lýsa yfir stuðningi við tillöguna og þá framtíðarsýn og áherslur sem í henni felast.

Vissulega eru skiptar skoðanir um einstakar aðgerðir, ekki síst varðandi ákvæði um lágmarksfjölda íbúa, sem verður 250 frá almennum sveitarstjórnarkosningum 2022 og 1.000 fjórum árum síðar. Sum minni sveitarfélög hafa sett fyrirvara og lagt áherslu á að vilji íbúa eigi að ráða för. Það kom t.d. mjög vel fram á fjölmennum íbúafundi sem ég sótti á Grenivík í vikunni. Þar hefur byggst upp blómlegt samfélag þar sem íbúar njóta góðrar þjónustu og búa við atvinnuöryggi. Það eru ýmsar leiðir til að tryggja að svo verði en umfram allt er það að mestu í höndum íbúanna sjálfra.

Stefnumörkuninni er að sjálfsögðu ekki beint gegn einstökum sveitarfélögum heldur felur hún í sér heildarsýn fyrir allt landið um eflingu sveitarstjórnarstigsins með ýmsum aðgerðum. Það stendur ekki til að sameina samfélög eða byggðarlög – þau verða áfram til og vonandi blómleg og fjölbreytt. Sveitarfélög hafa síðan góðan tíma til að ákveða á lýðræðislegan hátt hvernig lágmarksviðmiðum verður náð og því fylgir mikill fjárhagslegur stuðningur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Ég tel þessa stefnumörkun vera eitt mesta umbótaverkefni í opinberri stjórnsýslu sem um getur. Stjórnsýsla sveitarfélaga eflist, tækifæri skapast til að bæta þjónustu og geta þeirra til að berjast fyrir hagsmunamálum íbúanna eykst. Nýtt og öflugra sveitarstjórnarstig verður til. Nú þegar þessi ánægjulegu tíðindi liggja fyrir hefst vinna í ráðuneytinu við að útfæra einstakar aðgerðir stefnumótunarinnar, meðal annars varðandi lágmarksíbúafjölda og í þeirri vinnu verður áfram haft náið og gott samráð við sveitarstjórnarstigið.

**Stjórnsýsla sveitarfélaga eflist, tækifæri skapast til að bæta þjónustu og geta þeirra að berjast fyrir hagsmunamálum íbúanna eykst.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Jón Þórisson jon@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is
LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hugmyndir, hæfileikar og Kobe Bryant

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Margir halda að góð hugmynd sé mikilvægasta veganestið þegar ákveðið er að stofna nýtt fyrirtæki eða skapa einhvers konar list, enda er það hugmyndin sem verður birtingarmynd þess þegar vel gengur.

Hugmyndin um gluggakerfið í stýrikerfinu hjá Microsoft var til dæmis frábær. Hugmyndin um að geyma tónlist á tölvukubbi í vasanum, sem Apple gerði fræga með iPod, var góð. Hugmyndirnar á bak við flæðilínur Marels, stoðtæki Össurar, tölvuleiki CCP eru allt stórgóðar.

Þegar fólk flatmagar í dagdraumum sínum, eins og Gassi Gæs í útjaðri Andabæjar, er algeng óskin um að skyndilega ljósti niður í höfuðið einhverri risastórri snilldarhugmynd sem muni leiða af sér frægð og ríkidæmi—jafnvel ódauðleika.

Að geta fengið ferskar og frumlegar hugmyndir um nýja tækni, nýja þjónustu, nýja vöru, eða eitthvað sem gæti slegið í gegn og breytt heiminum hlýtur að vera það sem skilur á milli okkar venjulega fólksins og snillinga eins og Steve Jobs, Guðjóns í OZ og Össurar Kristinssonar. Bara ef maður fengi nú allt í einu hugmynd að lagi sem væri jafngott og Yesterday, eða bara Sódóma—eða manni dytti í hug spennandi flétta í bók eins og þeim Stephen King, Yrsu og Ragnari. Mikið væri líka gaman að finna hjá sér töfrandi lýsingar á heiminum eins og Murakami eða Sigríði Hagalín. Væri manni þá ekki flestir vegir færir, bara ef maður fengi réttu hugmyndina?

**Góð hugmynd!**

Þegar hugmyndaríkt fólk leggur af stað með áætlanir sínar mætti því einmitt ætla að það skipti mestu máli að hugmyndin sjálf sé nýstárleg og líkleg til árangurs. Og hlýtur þá ekki að skipta mestu máli fyrir fjárfesta, til dæmis þá sem kaupa hluti í sprotafyrirtækjum, að vera vissir um að hugmyndin sé góð?

Þeir sem hafa kynnt sér hvernig góð fyrirtæki verða til komast fljótlega að því að þótt góðar hugmyndir séu oft forsenda velgengni þá duga þær óskóp skammt. Vandinn við góðar hugmyndir er nefnilega að það er til svo óskaplega mikið af þeim. Það er nokkurn veginn sama hversu góða og frumlega hugmynd maður fær allar líkur eru á því að einhvers staðar annars staðar sé einhver annar, hugsanlega miklu klárari, að hugsa um það nákvæmlega sama eða mjög svipað.

Bill Gates fékk ekki fyrstur hugmyndina að því að hafa stýrikkerfi tölvu myndrænt, og Apple bjó ekki til fyrsta litla tækið sem gat spilað tónlist af tölvuskrám. Microsoft og Apple tókst betur en öðrum að setja saman, framkvæma, markaðssetja og selja viðskiptahugmynd sem hafði legið í loftinu og eflaust er til fólk úti um allan heim sem hafði látið sér detta nokkurn veginn nákvæmlega sömu lausnir í hug.

Hugmyndirnar liggja í loftinu en það er getan til þess að framkvæma þær—og framkvæma þær vel—sem skapar hin raunverulegu verðmæti.

Þess vegna líta fjárfestar, til dæmis í tæknigeiranum, ávallt fyrst og fremst til þess hvort skynsamlegt sé að veðja á fólkið sem stendur á bak við hugmyndina; stofnendur, stjórnendur og starfsfólk.

**Slá í gegn**

Líklega telja margir Íslendingar sig hafa stöku sinnum fengið betri hugmyndir að hrollvekjandi spennusögum heldur en Arnaldur, Yrsa og Ragnar. „Þú ættir að skrifa bók um þetta! Hún mun algjörlega slá í gegn,“ er eflaust setning sem margir hafa heyrt. En, rétt eins og með viðskiptahugmyndirnar, þá er líklegra að eitthvað gott komi út úr viðvaningslegri hugmynd að skáldsögu í höndum fagmanns heldur en úr frábærri hugmynd í höndum viðvanings.

Fyrir þá sem hafa alist upp við yfirborðskennt barnaefni kemur þessi sannleikur oft eins og köld vatnsgusa inn í lífið. Í sögum og ævintýrum er að jafnaði ekki lagt mikið upp úr því að blóð, sviti, tár og fórnir séu forsenda þess að ná árangri—þvert á móti virðast meðfæddar gáfur, heppni, töfrar eða ástir prinsa vera vísustu leiðirnar til sigra og lífshamingju.

En í þessari hugsun felst nákvæmlega sama blekking og í því að halda að það sé eitthvað sérstaklega varið í það að fá góða hugmynd. Hugmynd er nefnilega lítils virði án útfærslu, og hæfileikar, heppni og töfrar skila jafnan litlu ef þeim fylgir ekki bæði metnaður og dugnaður.

**Blóð, sviti og tár**

Í vikunni fórst bandaríski körfuboltamaðurinn Kobe Bryant í þyrluslysi. Með honum fórst dóttir hans og sjö aðrar sálir. Fréttir af slysinu fóru hratt um heiminn og fyrir mörgum var eins og heimurinn frysi í stað. Kobe var mikið átrúnaðargoð í augum milljóna manna um heim allan og fyrirmynd. Sumt af því sem hann stóð fyrir sem leikmaður og manneskja er ekki óumdeilt. Hann þótti treysta um of á sjálfan sig í liðsíþrótt og hann var heldur ekki flekklaus í samskiptum sínum við annað fólk, en hann átti fallegt og ekta samband við dætur sínar sem hann elskaði greinilega meira en lífið sjálft.

Eitt af því sem allir virðast þó geta verið sammála um að var aðdáunarvert í fari Kobe Bryant var að hann féll aldrei í þá gryfju að trúa því að hann kæmist lönd eða strönd á hæfileikunum einum saman. Jafnvel þegar hann var á hátindi síns magnaða ferils lagði hann harðar að sér við æfingar en nokkur annar. Harkan og sjálfsaginn var slíkur að þegar hann varð fyrir því í miðjum leik að hásin slitnaði þá haltraði hann sjálfur að vítalínunni og tók skotin og lét ekki sjást á sér að hann kenndi nokkurs meins.

Það var ekki nóg með að Kobe væri harður af sér við æfingar, mætti um miðjar nætur og alla daga meðan aðrir sváfu—heldur var hann fróðleiksfús og forvitinn um hvernig hann gæti bætt sig. Jafnvel þótt hann væri betri og klárari en allir aðrir körfuboltamenn var ekki óalgengt að hann hefði samband við óæðri leikmenn og spyrði þá í þaula út í ýmis atriði sem hann taldi sig geta lært af þeim.

**Ekkert verður af engu**

Sagan af því hvernig Kobe varð einn besti körfuboltamaður heims er keimlík nánast öllum öðrum sögum af þeim sem ná árangri í leik eða starfi, stóru eða smáu. Hæfileikarnir sem virðast svo fyrirhafnarlitlir í sinni endanlegu mynd eru í reynd afrakstur botnlausrar vinnu, þolinmæði og þolgæði gagnvart áföllum, erfiðleikum og sársauka sem enginn sér.

Þegar við fögnum árangri sigursælla íþróttamanna eða velgengni góðra fyrirtækja þá mætti gjarnan leggja meiri áherslu á það sem býr að baki. Við eigum að vegsama blóðið, svitann, tárin og mótlætið sem er á bak við flesta þá sigra sem á yfirborðinu virðast svo áreynslulausir. Þar liggja nefnilega töfrarnir þegar vel er að gáð.



AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ FITNA?

Fræðslufundur um offitu 1. febrúar kl. 13.00

Fræðslufundur Íslenskrar erfðagreiningar um offitu verður haldinn laugardaginn 1. febrúar kl. 13.00 til 15.00 í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8. Fundurinn verður sendur út beint á Facebook-síðu Íslenskrar erfðagreiningar. Húsið opnar kl. 12.30, allir velkomnir.

BMI OG HEILINN / Kári Stefánsson
AF HVERJU ERUM VIÐ ÞYNGRI EN NÁGRANNAÞJÓÐIRNAR? / Ragnar Bjarnason
HVERSU ÞUNG VERÐA BÖRN FRAMTÍÐARINNAR? / Tryggvi Helgason
OFFITA SEM FÍKN / Þorgeir Þorgeirsson
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG / Alma D. Möller, landlæknir

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

KONTOR REYKJAVÍK

# Tuttugu ný sérfræðistörf á Akureyri



**Þuríður Helga Kristjánsdóttir**
framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar

Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof gætu boðið 20 manns upp á ný og mikilvæg sérfræðistörf. Störf sem væru spennandi kostur fyrir bæjarbúa og aðra sem hefðu áhuga á að setjast að á Akureyri. Störf sem henta fjölbreyttum hópi fólks með ólíka menntun og reynslu að baki á borð við leikara, rafvirkja, smiði, bókasafns- og upplýsingafræðinga, hljóðfæraleikara, kennara, verkefnastjóra, klæðskera, hönnuði og viðburðastjóra.

Umsvif félaganna þriggja, LA, SN og Hofs, hafa margfaldast eftir sameiningu þeirra undir hatti Menningarfélags Akureyrar og hafa til að mynda tekjur af framleiðslu tvöfaldast á milli ára. Þessi auknu umsvif kalla á fleira starfsfólk sem hefur sérfræðiþekkingu á hinum ýmsu sviðum og það segir sig sjálft að með auknu vinnuafli eflist atvinnu- og menningarlífið enn frekar.

**Sláandi aðstöðumunur**

Við sjáum fyrir okkur að fastráða leikara við Leikfélag Akureyrar, fastráða leiðara við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, fastráða verkefnastjóra, hönnuði og iðn- og tæknimenntað fólk. Hægt yrði að fara í samstarf við grunn- og framhaldsskóla Akureyrar og ráða til starfa listgreinakennara sem ynnu þvert á stofnanir og þannig styrkja menningaruppeldi barna og ungmenna á Akureyri. Nú þegar er Leikfélag Akureyrar og Menntaskólinn á Akureyri að vinna í sameiningu að stofnun leikhúsbrautar við skólann svo framtakssemin er sannarlega til staðar.

Menningarfélag Akureyrar rekur Leikfélag Akureyrar, Menningarhúsið Hof og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fyrir einungis 4% af því fjármagni sem sambærilegar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu fá úr ríkissjóði. Þessi aðstöðumunur er sláandi og í algjöru og hrópandi ósamræmi við mikilvægi stofnananna og þjónustusvæði þeirra. Til að ná jafnvægi, og sanngirni, þyrfti Menningarfélag Akureyrar að fá 10% af framlögum til sambærilegra stofnana á höfuðborgarsvæðinu.



**Innviðir og aðstaða fyrir hendi**

Til að setja hlutina í samhengi fengu Listasafnið á Akureyri, Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Menningarhúsið Hof 200 m.kr. árið 2019 til rekstursins frá ríkinu. Samtals greiddu stofnanirnar um 420 m.kr. í launakostnað og af þeirri upphæð runnu um 150 m.kr í opinber gjöld. Enn fremur greiða þessar stofnanir virðisaukaskatt af vörum og þjónustu sem nær hátt í 60 m.kr árlega. Samtals eru því þessar stofnanir að greiða meira í opinber gjöld en þær fá úthlutað frá ríkinu.

Menning og listir eru grundvöllur blómlegra samfélaga. Í gegnum skapandi starf þróast hæfileikar, hugvit og nýsköpun sem hafa jákvæð áhrif bæði á mannlíf og efnahag. Starfsemi Menningarfélagsins gleður og nærir íbúa og gesti enda starfar hér fólk sem hefur metnað, hugsjónir og eljusemi fyrir því sem það gerir. Hér á Akureyri er ekki langt að sækja innblásturinn. Við finnum hann í listalífinu, náttúrunni, birtunni, myrkrinu, fjöllunum, hafinu, leiklistinni, tónlistinni og ekki síst fólkinu sem nýtir tækifærin sem lífið hefur upp á að bjóða.

Ef sanngirni væri gætt gætu skapast tuttugu spennandi sérfræðistörf á Akureyri strax á morgun. Innviðir og aðstaða eru þegar fyrir hendi. Við þurfum eingöngu á skynsemi og framtakssemi ráðamanna að halda.

> **Menningarfélag Akureyrar rekur Leikfélag Akureyrar, Menningarhúsið Hof og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands fyrir einungis 4% af því fjármagni sem sambærilegar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu fá úr ríkissjóði.**

# Nemendum á Íslandi gróflega mismunað eftir búsetu



**Gunnhildur Þórðardóttir**
kennari og myndlistarmaður

Það á að vera eftirsóknarvert að vera nemandi og íbúi á Íslandi. Við erum lítil þjóð og það ætti ekki að vera of flókið að vera í fararbroddi með ýmsar nýjungar t.d. í menntamálum, umhverfisvernd, endurvinnslu og endurnýjanlegum orkugjöfum svo fátt eitt sé nefnt. Við erum að stærð eins og ein lítil borg í Evrópu.

Á Íslandi er samt sem áður nemendum mismunað þar sem þeir fá ekki möguleika að stunda listgreinar af afli í skólakerfinu. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga allir nemendur á Íslandi rétt á að stunda list- og verkgreinar þar sem nemendur kynnast margvíslegum vinnubrögðum, tækni og aðferðum þar sem reynir á verklega kunnáttu, samhæfingu hugar, handa og hjarta og fjölbreyttar leiðir til að tjá sig á rituðu máli og tali en einnig með því að skapa listaverk. Stundataflan er þétt setin af mikilvægum kennslustundum en list- og verkgreinar eiga sífellt undir högg að sækja. Samkvæmt stóru starfsháttarannsókninni, Starfshættir í grunnskóla við upphaf 21. aldar, sem gerð var árið 2014, þá fá ekki allir nemendur á Íslandi tækifæri til þess að stunda tónmennt og myndmennt hvað þá að læra leiklist eða dans. Talið er að menntun í list- og verkgreinum séu lykilþættir að bættu siðferði, samfélagslegri ábyrgð og samkennd. Með menntun í list- og verkgreinum fá nemendur einstakt tækifæri til að efla skapandi og gagnrýna hugsun, vinna með tilfinningar, læra að setja sig í spor annarra og viðhalda menningararfleifð. List- og verkgreinar eru einnig mikilvægur vettvangur fyrir umræðu og lýðræðisleg vinnubrögð og eru kjörnar fyrir samþættingu námsgreina. Það er mjög auðvelt að samþætta myndlist og samfélagsfræði eða heimilisfræði og stærðfræði o.s.frv. Samkvæmt menntunarfræðingnum Elliot Eisner þá eru list- og verkgreinar kjörnar fyrir samþættingu ólíkra námsgreina til að skilja og virða allt skólastarf. Einnig taldi hann að í gegnum list- og verkgreinar lærðu nemendur að komast að ólíkum niðurstöðum og að vandamál geta haft margvíslegar lausnir.

Allt eru þetta mikilvæg atriði sem þroska og undirbúa nemendur til þess að leysa vandamál framtíðarinnar s.s. loftslagsvána sem er flókið manngert fyrirbæri en krefst skapandi lausna með samstilltu átaki þjóða heimsins.

Ekki er nóg með að í sjálfum skólunum þurfi að sannfæra stjórnendur um ágæti list- og verkgreina heldur er skólum úti á landsbyggðinni nú meinuð þátttaka í Mánuði myndlistar sem Samband íslenskra myndlistarmanna hefur staðið að í mörg ár og sent starfandi myndlistarmenn í skóla landsins til að fræða nemendur um myndlist sem starfsgrein. Ekki gat menntamálaráðuneytið styrkt verkefnið nema að litlu leyti og í kjölfarið var ekki mögulegt að senda myndlistarmenn til að fræða nemendur um skapandi starf nema einungis á höfuðborgarsvæðinu. Nemendum á Íslandi á ekki að vera mismunað á neinn hátt en hér er um að ræða grófa mismunun eftir búsetu.

Allmargir vísindamenn og frumkvöðlar sem hafa komið fram á sjónarsviðið hafa einnig verið listamenn. Það þarf ekki leita langt, t.d. Isaac Newton var eðlisfræðingur en einnig myndlistarmaður, Albert Einstein var eðlisfræðingur en líka tónlistarmaður, Leonardo da Vinci var listmálari og vísindamaður, Marie Curie var efnafræðingur og skapandi baráttukona um kynjajafnrétti og efnarannsóknir. Það er einnig hægt að líta okkur nær og skoða vísindamenn á Íslandi, s.s. Kára Stefánsson sem er bæði læknir og rithöfundur og Vigdísi Finnbogadóttur sem er málvísindamaður og leikhúsfræðingur.

Það á að efla listgreinar í skólum þær hjálpa okkur að virkja skynfæri okkar og hafa áhrif á ímyndunaraflið og við lærum að sjá það sem við höfðum annars ekki komið auga á. Markmið allrar menntunar er að auka hæfni og þroska nemenda í gegnum starf þeirra og reynslu sem hjálpar þeim að skapa, skynja og taka virkan þátt í samfélaginu.

# Bráðadeild Landspítala – slysalækningar – innlegg



**Einar Magnússon**
lyfjafræðingur

Á heimasíðu Landlæknis er að finna eftirfarandi upplýsingar um hvert beri að leita eftir heilbrigðisþjónustu:

„Bráða- og slysamóttökur eða slysadeildir eru á flestum heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Þjónustan er veitt allt árið. Neyðarnúmerið 112 (einn, einn, tveir) sinnir allri neyðarþjónustu og svarar öllum símtölum vegna neyðartilvika og aðstoðarbeiðna.“

Á heimasíðu heilsugæslu segir að heilsugæslugæslustöðvar sinni „heimilislæknaþjónustu, hjúkrun, þ.m.t. heimahjúkrun og almennri heilsugæslu, auk slysa og bráða veikinda. Hlutverk þeirra er að vera hornsteinn heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa.“

Að öðru leyti er hvergi minnst á slys eða hvaða aðgerðir heilsugæslan getur boðið upp á t.d. vegna minni háttar beinbrota. Ekki virðist heldur vera nein sérfræðiþekking eða sérhæfing í slysalækningum á einstökum heilsugæslum. Þá hafa slysavarnir á undanförnum árum hvorki notið forgangs í áherslum né fjármögnun heilbrigðisyfirvalda á heilbrigðisþjónustunni.

Orðið „slysavarðstofa“ er mjög greypt í huga almennings og sömuleiðis „Slysavarðstofan“ sem var á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg áður en hún var flutt yfir á Borgarspítalann eftir að hann var byggður 1967. Slysavarðstofan var í huga almennings mjög föst í sessi á Borgarspítalanum þó að formlega hafi hún ekki heitið slysavarðstofa þar heldur slysadeild. Fyrir nokkrum árum eftir sameiningu spítalanna var formlega hætt að nota orðið slysadeild og byrjað að nota orðið „bráðamóttaka“. Þrátt fyrir þessi formlegheit hefur stór hluti almennings haldið áfram að tala um Slysavarðstofuna og að þangað eigi maður að leita ef maður lendir í slysi hversu smávægilegt sem það er. Er þar komin ein helsta skýring á því mikla álagi og þeim viðvarandi vanda sem bráðamóttaka Landspítalans er að sligast undan.

Þessu er öðruvísi varið í Þýskalandi þar sem, auk bráðadeilda á öllum helstu sjúkrahúsum landsins, eru starfandi svokallaðir slysalæknar (unfallarzt) sem taka að sér og sérhæfa sig í minniháttar slysum, einkum beinbrotum, tognunum, vinnu- og íþróttaslysum. Þessir læknar eru yfirleitt bráða-, bæklunar- eða skurðlæknar sem hafa sérhæft sig í slysalækningum og búa yfir reynslu vegna vinnu á bráðadeildum sjúkrahúsa. Þeir eru með litlar stofur víðs vegar í borgum og eru með röntgentæki og alla aðgerðaraðstöðu s.s. fyrir gifs, sárahreinsun og fleira. Í fimm mínútna fjarlægð frá þeim stað sem ég bý stundum hjá dóttur minni í Berlín eru um þrír slíkir læknar.

Þessa lækna heimsækja þeir sem verða fyrir minni háttar slysum á dagvinnutíma (frá kl. 8 til 18) og fá hjá þeim fljótt og örugglega gert að sínum meinum. Þeir taka sérstaklega að sér slys sem verða til og frá og í skólum og vinnustöðum auk íþróttaslysa. Heimilislæknar sinna eru mun fleiri en slysalæknarnir vísa öllum slíkum sjúklingum til slysalæknanna enda er forsenda fyrir greiðslu slysatrygginga að sá slysatryggði hafi farið fyrst til þeirra.

> **Augljóst er að fyrirkomulagið í Þýskalandi dregur mjög úr álagi á bráðavaktir sjúkrahúsanna auk þess sem það kemur mun betur og fyrr til móts við þarfir sjúklinga en við eigum að venjast.**

Slysalæknar sjá um fyrstu aðgerðir (diagnose und erstversorgung) og tilkynningar til slysatrygginga, grípa til nauðsynlegra aðgerða en geta einnig vísað til áframhaldandi meðferða s.s. endurhæfingu ef á þarf að halda en sjá síðan um alla eftirfylgni með sjúklingunum.

Í Þýskalandi eru um 3.500 starfandi slysalæknar og á öllum helstu sjúkrahúsum eru bráðadeildir þar sem einnig eru starfandi slysalæknar sem m.a. gæta hagsmuna slysatrygginga og þeirra slysatryggðu. Bráðadeildir sjúkrahúsa sinna slysum sem verða utan dagvinnutíma en sinna ekki eftirfylgd með sjúklingum og engar endurkomur eiga sér þar stað til að taka sauma, skipta á umbúðum og svo framvegis. Um þann þátt sjá fyrrnefndir slysalæknar í dagvinnutíma og sjúklingar koma til þeirra með sínar röntgenmyndir sem þeir hafa t.d. fengið á bráðadeildum sjúkrahúsa.

Augljóst er að fyrirkomulagið í Þýskalandi dregur mjög úr álagi á bráðavaktir sjúkrahúsanna auk þess sem það kemur mun betur og fyrr til móts við þarfir sjúklinga en við eigum að venjast.

Til að draga úr álagi á bráðadeild Landspítala mætti nýta þessa þýsku fyrirmynd þannig að heilsugæslustöðvar (a.m.k. þær stærstu og öflugustu) kæmu sér upp röntgen- og annarri nauðsynlegri aðstöðu til að sérhæfa sig í slysalækningum með svipuðum hætti og slysalæknar gera í Þýskalandi. Ef ekki eru til sérfræðingar á lausu hér á landi á sviði slysalækninga mætti til að byrja með leita þeirra utan landsteinanna.

Til að leggja áherslu á þá stefnubreytingu sem í þessu fælist mætti breyta nafni þeirra heilsugæslustöðva sem hafa getu til að sinna slysalækningum í „Slysa- og heilsuverndarstöð“.



Cheerios
Morgunkorn úr heilum höfrum
Glútenlaust
Cheerios síðan 2006
Bríet, tónlistarkona

# BESTA SALSAN Í USA*




Besta salsan*
100% náttúruleg

**Green Mountain Gringo**
**100% náttúrulegar sósur, án MSG, rotvarnarefna og glútens**

**999** kr/stk

*Samkvæmt Washington Post

Tilboð gilda út 2. febrúar




**Lífrænir tortilla strimlar**

verð frá **749** kr/pk




**Tostitos snakk í úrvali**

**799** kr/pk

Tilboð
**509** kr/stk
verð áður 599 kr




**Philadelphia rjómaostur**
**Frábær í „eðluna“**




**Hvort ert þú Crunchy, Puff eða Flamin´Hot**

verð frá **649** kr/pk




**Rifinn cheddar-, gratín- og pizzaostur**
**Ómissandi á nachos**

verð frá **529** kr/pk

Tilboð
**169** kr/stk
verð áður 249 kr




**Monster orkudrykkur**

Tilboð
**799** kr/stk
verð áður 999 kr




**Ben and Jerry´s ís**

Tilboð
**189** kr/stk
verð áður 299 kr




**Pepsi og Pepsi Max 2l**

# SLÁÐU Í GEGN Í PARTÝINU!

## SUPER BOWL LIV

ÍSLENSKT 100% NAUTAKJÖT




Tilboð
799 kr/stk
verð áður
999 kr




**Lillies BBQ**
**Ekta New Orleans BBQ sósur**

### ALVÖRU BORGARI ÚR ÍSLENSKU RIBEYE ÞARF AÐ SEGJA MEIRA?

2x120 g

**1.299** kr/pk




**Gerðu einstaka borgara með Spicy mayo eða In Out Hagkaupssósu**

**349** kr/stk




**5 spennandi tegundir**

**Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn í 8 mínútur á 220°C**

verð frá **1.699** kr/stk

Holta



Þarf aðeins að hita

**Drumsticks**
**Piri piri BBQ, Argentínu, buffaló og BBQ**

**1.279** kr/kg
Verð áður 1.599 kr/kg

# HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

# Fá ekki styrk til að æfa sig fyrir ÓL

**Þrír afrekssundmenn í Reykjanesbæ fengu ekki 300 þúsund króna styrk frá bænum því æfingaferðir falla ekki undir reglur styrktarsjóðsins. Á sama fundi var hálf milljón veitt í afmælisgjöf til að bæta í opnunarhátíð og lokakvöld á Nettómótinu í körfubolta.**

**ÍÞRÓTTIR** Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar gat ekki veitt sundfólki úr bænum styrk upp á 300 þúsund til að það gæti gert atlögu að því að komast meðal annars á Ólympíuleikana í Tókýó. Ráðið veitti þó 500 þúsund króna styrk til að Nettómótið í körfubolta gæti haldið veglegt lokakvöld en mótið er 30 ára í ár. Tölvan sagði einfaldlega nei.

Már Gunnarsson, ein stærsta íþróttastjarna landsins og handhafi Kristalkúlunnar, er mjög líklegur til árangurs á Ólympíuleikum fatlaðra. Hann hefur verið í frábæru formi að undanförnu, sló til að mynda tíu Íslandsmet á heimsmeistaramóti fatlaðra í sundi í september. Sundráð Íþróttabandalags Reykjanesbæjar vildi styrkja Má í undirbúningi hans fyrir Evrópumeistaramótið í 50 metra laug og Ólympíuleikana ásamt þeim Karen Mist Arngeirsdóttur og Evu Margréti Falsdóttur en báðar stefna þær hátt og eru titlaðar afrekssundmenn innan ÍRB.

Reglur íþrótta- og tómstundaráðs eru þó þannig að æfingaferðir falla ekki undir reglur sjóðsins og fengu þau því synjun.

Það voru þó til 500 þúsund krónur til að styrkja 30 ára afmælismót eins stærsta körfuboltamóts landsins á sama fundi. Í bréfi til ráðsins segir að mótið hafi gengið vel, það sé haldið með góðum styrk frá Nettó og Reykjanesbær hafi lánað út öll íþróttamannvirki, sem og grunnskóla til gistingar fyrir iðkendur en um 1.300 frá 25 liðum mættu á síðasta mót.

Fjölmörg önnur fyrirtæki í Reykjanesbæ komi einnig að mótinu með beinum og óbeinum styrkjum. Gríðarleg sjálfboðavinna fer fram í kringum mótið við undirbúning, dómgæslu, mótstjórn, aðstöðu- og veitingamál og hefur allur ágóði runnið beint í barna- og unglingastarf Keflavíkur og Njarðvíkur. Það sé mikilvæg tekjulind fyrir starfið.

Til að gera mótinu hátt undir höfði, sem glæsilegast og veglegast, þarf mótið fjárstyrk og veitti ráðið því 500 þúsund krónur og kallaði það afmælisgjöf. „Það á að bæta einhverju við bæði í opnunarhátíðina og við lokakvöldið,“ segir Hafþór Barði Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi. Eva Stefánsdóttir, formaður ráðsins, baðst undan svörum í síma, vildi fá spurningar í tölvupósti.

Ómar Jóhannsson, formaður sundráðs ÍRB, segir synjunina vissulega vonbrigði því það sé vilji til að gera vel við afreksfólk á Ólympíuári. „Þetta eru sterkir sundmenn og eru að vinna til verðlauna og gera frábæra hluti. Okkur langaði að fara þessa ferð því árangur kostar sitt.“ Ómar ítrekar að hann sé ánægður með að Nettómótið fái styrk enda sé Reykjanesbær titlaður íþróttabær og sundráðið eigi í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld.

benediktboas@frettabladid.is



Nettómótið fékk afmælisgjöf frá Reykjanesbæ upp á 500 þúsund til að halda glæsilegt lokakvöld.




Már Gunnarsson er talinn líklegur til afreka í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það á að bæta einhverju við bæði í opnunarhátíðina og við lokakvöldið.**
>
> Hafþór Barði Birgisson, íþrótta- og tómstundafulltrúi

## Tímamót í bænum

Íþrótta- og afrekssjóður Reykjanesbæjar samþykkti undir lok síðasta árs að upphæð fyrir hverja ferð sem farin er til útlanda á vegum landsliðs hækkaði úr 20 þúsund krónum í 40 þúsund en alls fengu 183 aðilar styrk úr sjóðnum á síðasta ári. „Æfingaferðir falla ekki undir reglur sjóðsins en ef þau komast á Ólympíuleikana eða NM eða mót sem eru styrkhæf þá gengur það yfirleitt smurt,“ segir Hafþór.

Á þriðjudag var skrifað undir samstarfssamning Reykjanesbæjar, Keflavíkur og Njarðvíkur. Um er að ræða tímamótasamning en með honum verður íþróttafélögunum gert kleift að ráða íþróttastjóra til starfa. „Heildarvirði samningsins er um 50 milljónir og það er frábært að geta styrkt þessi góðu félög enda er það dýrt að reka þau. Við erum að stíga mikilvægt skref í að aðstoða þau og léttir vonandi undir,“ segir Hafþór og bætir við að loksins sjái til lands eftir erfiða tíð suður með sjó.





**Bjarkardalur 4-6 Reykjanesbæ**

**NÝJAR, FULLBÚNAR** vandaðar 3 herbergja íbúðir með bílskúr. Tvær stærðir: 108,4m² og 130,3m². Verð frá 44,9 milljónum. 20 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Íbúðirnar eru einstaklega vandaðar og skilast með gólfefnum á öllum rýmum, fallegum innréttingum, ísskáp m. frysti, uppþvottavél og smekklegri lýsingu frá Lumex.

LIND FASTEIGNASALA

Allar upplýsingar veita

Helga Pálsdóttir lögg. fasteignasali
Sími 822 2123 helga@fastlind.is

Þorsteinn Yngvason lögg. fasteignasali
Sími 696 0226 thorsteinn@fastlind.is


# Lokadagur félagaskiptagluggans í dag

**FÓTBOLTI** Síðasti dagur enskra félagsliða til að styrkja leikmannahópinn fyrir átökin fram undan er í dag. Janúarfélagaskiptaglugginn lokast í kvöld og má búast við að lið verði allt fram á síðustu stundu að leita að liðsstyrk.

Stærstu liðin á Englandi hafa flest haft hægt um sig á leikmannamarkaðnum. Liverpool var búið að ganga frá kaupunum á Takumi Minamino í desember á meðan Pep Guardiola virðist ekki ætla að styrkja leikmannahópinn fyrir baráttuna í Meistaradeildinni. Hvorki Leicester né Chelsea hafa bætt við leikmanni en Chelsea leitar nú logandi ljósi að framherja í von um að hann geti komið í stað Olivier Giroud sem vill fá að yfirgefa félagið.

Jose Mourinho slær ekki slöku við og er búinn að fá tvo leikmenn inn ásamt því að tryggja sér réttinn á Giovani Lo Celso til frambúðar en Tottenham þurfti að horfa á eftir Christian Eriksen til Inter í vikunni.

Stærstu félagaskipti gluggans til þessa áttu sér stað í gær þegar Manchester United tryggði sér loksins þjónustu Bruno Fernandes eftir langar viðræður. United greiðir Sporting 55 milljónir evra fyrir portúgalska landsliðsmanninn sem verður um leið sjöundi dýrasti leikmaður félagsins frá upphafi.

Arsenal sótti varnarmanninn Pablo Mari sem félagið þurfti á að halda á meðan Wolves tók inn fjóra leikmenn í von um að gera atlögu að sæti í Meistaradeildinni á næsta ári.

Þá hafa liðin í fallbaráttunni nýtt tækifærið til að styrkja hópinn, þar er Aston Villa fremst í flokki með fjóra nýja leikmenn í janúar.

Þegar komið er á lokadag félagaskiptagluggans þarf yfirleitt að greiða hæsta verð og verður gaman að sjá hvaða lið eru tilbúin að taka þátt í dansleiknum í dag. **– kpt**




Bruno Fernandes var himinlifandi að skrifa undir í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fólk

Lífsstíll





# Setur á stofn hjónaklúbb í dansi

Mörgum þótti heldur súrt þegar söngkonan Regína Ósk og dansarinn Max Petrov duttu snemma út úr keppninni Allir geta dansað. Í kvöld verða kynnt úrslit í þættinum. Regína fékk svo mikinn áhuga á samkvæmisdansi að hún er að setja á fót danshóp. →2

Regína Ósk er hvergi nærri hætt að dansa þótt hún hafi dottið snemma úr keppninni Allir geta dansað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


JANÚARÚTSALA

10 - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



-40%

Minimal veggklukka kr. 9.400
NÚ KR. 5.640



-50%

Vasi kr. 4.650 NÚ KR. 2.325
Vasi kr. 4.300 NÚ KR. 2.150
Vasi kr. 5.600 NÚ KR. 2.800



-30%

Holme 3ja sæta sófi 197cm kr. 136.500
NÚ KR. 95.550



-20%

Balanced spegill 47cm kr. 14.900
NÚ KR. 11.920



ALLIR PÚÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR



-20%

Svea skenkur 170 cm kr. 93.400
NÚ KR. 74.720

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsíðu ➪

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Regína Ósk viðurkennir að það hafi verið svolítið áfall að detta svona snemma úr keppni. „Ég var ekki tilbúin til þess og hefði viljað halda áfram,“ segir hún. „Það var mikil áskorun fyrir mig að taka þátt í þessari keppni, aðeins að fara út úr þægindarammanum og gera eitthvað nýtt. Þegar mér var boðið að vera með var ég í ákveðinni lægð þannig að það kom á hárréttum tíma. Mig langaði til að gera eitthvað sem ég hafði ekki gert áður. Þar fyrir utan vissi ég að þetta myndi gera líkama mínum gott. Ég var einmitt á þessum tímapunkti að byrja að taka heilsuna í gegn og vissi að dansinn myndi hafa góð áhrif. Þetta var lærdómsrík upplifun og auðgaði líf mitt. Ég hef aldrei fengið önnur eins viðbrögð frá ókunnugu fólki eftir að við duttum út. Sumir komu til okkar Max og lýstu yfir reiði og og ósanngirni yfir þessum úrslitum.“

Regína vissi ekki í upphafi hver yrði dansherrann en var að vonum ánægð þegar það kom í ljós. Hún kannaðist við Max þar sem hann hafði dansað í sýningum sem hún tók þátt í, til dæmis Freddie Mercury sýningu og á Fiskideginum á Dalvík. „Mér leist vel á Max enda góður kennari og yndislegur maður. Við hittumst fyrst í september en hann byrjaði á því að kenna mér grunnatriði. Dansinn varð strax hluti af lífi mínu og ég fann að það var einmitt hann sem vantaði í líf mitt. Það var þess vegna nett áfall að detta svona fljótt úr keppni,“ segir hún.

## 17 kíló farin síðasta árið

Regína segist aldrei áður hafa lært samkvæmisdansa þótt hún hafi farið á alls kyns dansnámskeið, eins og Bollywood, magadans og þess háttar. „Mér fannst geggjað frá a-ö að læra samkvæmisdansa. Það tekur auðvitað tíma að læra dans, hann krefst mikillar einbeitingar og þjálfunar. Ég gleymdi mér alveg í honum, þetta var svo skemmtilegt. Dansinn var góður skóli. Ég tók hann alla leið, fór í ræktina meðfram enda fann ég fljótt mun á liðleika og styrk auk þess sem kílóin hrundu. Ég var í þjálfun hjá Yesmine Olsson og ætla sko ekki að hætta hjá henni,“ segir Regína sem hefur misst 17 kíló á undanförnum mánuðum. „Maður verður heltekinn af þessu enda ákvað ég frá byrjun að taka mig í gegn fyrir sjálfa mig. Nú hreyfi ég mig á hverjum degi. Hreyfingin og breyttur lífsstíll gerir manni gott andlega og líkamlega.“



Regína Ósk sér um sunnudagaskóla og foreldramorgna í Lindakirkju í Kópavogi. Hún þvertekur ekki fyrir að hana langi í guðfræði enda finnst henni kirkjustarfið skemmtilegt og vera með börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI





Dansinn var tekinn alla leið þó ekki kæmi hann þeim í úrslit.

## Alltaf umkringd börnum

Regína á þrjú börn á aldrinum 5, 10 og 17 ára en hún er gift Sigursveini Þór Árnasyni tónlistarmanni. „Börnin eru á ólíkum aldri með ólíkar þarfir og það er aldrei lognmolla í kringum mig,“ segir hún. Regína er reyndar alltaf í kringum börn þar sem hún kennir þeim að syngja í Söngskóla Maríu. Þar hefur hún kennt í sautján ár jafnt börnum sem fullorðnum og finnst einstaklega skemmtilegt. Margar frábærar söngkonur hafa stigið sín fyrstu skref í skólanum og má þar nefna Jóhönnu Guðrúnu, Ragnheiði Gröndal og fleiri. „Mæður barna sem koma í skólann hafa oft verið þar sjálfar svo þetta gengur kynslóð eftir kynslóð.“

Regína er ekki bara með börnum í söngskólanum því hún sér um sunnudagaskóla í Lindakirkju í Kópavogi og hefur einstaklega gaman af því starfi. „Ég hef starfað í kirkjunni í tvö ár bæði með sunnudagaskólann og foreldramorgna. Auk þess syng ég mikið í kirkjunni, var töluvert í messum um jólin,“ segir hún. Þegar hún er spurð hvort hún ætli kannski í guðfræði, svarar hún: „Sú hugmynd hefur alveg komið upp hjá mér svo ég segi bara hver veit? Mér finnst ótrúlega gaman að vinna í kirkjunni, þar er frábært starfsfólk,“ segir Regína og telur það ekkert eftir sér að mæta snemma á sunnudagsmorgnum í kirkjuna, jafnvel þótt hún hafi sungið lengi kvöldinu áður. „Ég er A-manneskja og vakna alltaf snemma.“



Max og Regína voru glæsilegt par á dansgólfinu. Þau verða ekki með í úrslitunum í kvöld.



Einstök tilþrif á dansgólfinu. Regína Ósk ætlar að stofna danshóp nokkurra para og halda áfram að dansa samkvæmisdansa, Max ætlar að hjálpa til.

> Ég er að leggja lokahönd á lagið en þetta er fyrsta lagið mitt á plötu í þó nokkurn tíma. Stefnan er að taka upp aðeins meira. Ég var dugleg við þetta fyrir nokkrum árum en hef slegið slöku við.

## Stofnar dansklúbb

Regína segist ekki vera mikið fyrir matseld. Eiginmaðurinn sér frekar um þá hlið á heimilinu. „Mér finnst skemmtilegra að stússast í flestu öðru,“ viðurkennir hún. „Eiginmaðurinn er sem betur fer góður kokkur. Ég fer í búðina og hann eldar,“ segir Regína Ósk en eiginmaðurinn verður brátt rifinn út á dansgólfið þar sem hún hefur sett saman hóp para sem ætla í danstíma. „Ég vil ekki hætta að dansa. Hef verið vængbrotin eftir að ég hætti í þáttunum þannig að ég varð bara að taka málin í mínar eigin hendur. Auður Haralds danskennari ætlar að vera okkur innan handar og Max kemur örugglega eitthvað líka. Þetta verður skemmtilegt.“

## Nýtt lag í febrúar

Það er líka alltaf nóg að gera í söngnum hjá Regínu Ósk. Hún er að gefa út nýtt lag í febrúar með eigin texta. „Ég er að leggja lokahönd á lagið en þetta er fyrsta lagið mitt á plötu í þó nokkurn tíma. Stefnan er að taka upp aðeins meira. Ég var dugleg við þetta fyrir nokkrum árum en hef slegið slöku við,“ segir hún en Regína hefur gefið út fimm sólóplötur: „Regína Ósk“ árið 2005, „Í djúpum dal“ árið 2006, „Ef væri ég…“ árið 2007, „Regína Ósk um gleðileg jól“ árið 2010 auk plötu með Eurobandinu, „This is my life“ árið 2008 og barnaplötu árið 2014, „Leiddu mig litla hendi“. Auk þess hefur hún sungið inn á tugi platna með öðrum. Regína Ósk hefur farið fjórum sinnum í Eurovision, þrisvar sem bakrödd og einu sinni með Friðriki Ómari og Eurobandinu. Hún segist ekki hafa haft áhuga á að senda lag inn í keppnina að þessu sinni. „Það verður að koma eitthvað alveg sérstakt lag upp í hendurnar á mér ef ég fer aftur,“ segir hún.

Regína kemur víða við í söngnum, syngur við alls konar tilefni, þorrablót, árshátíðir, brúðkaup, afmæli, jarðarfarir og hvað eina. Auk þess sem hún hefur komið fram á fjölmörgum sýningum sem Rigg setur upp víða um landið. Þá mun hún fagna fimmtugsafmæli skærustu poppstjörnu landsins, Páls Óskars, á tónleikum hans í Háskólabíói 13. og 14. mars næstkomandi.

GÓLFEFNA
ÚTSALA
30–70% AFSLÁTTUR
ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, HARÐPARKETI O.FL.
ÁLFABORG - allt á gólfið
Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768
Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir
Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,




Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG OG SUNNUDAG, 31. JANÚAR TIL 2. FEBRÚAR**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal




# Stressaðir kennarar smita nemendur

## Ný amerísk rannsókn sýnir að ef kennari er undir miklu álagi eða er stressaður sendir hann neikvæða strauma yfir nemendur og þeim líður verr. Einn af hverjum tíu kennurum íhugar að hætta.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Kennarastarfið er gefandi en jafnfram krefjandi, segir á norska miðlinum forskning.no. Rannsókn var gerð við níu grunnskóla í miðvesturríkjum Bandaríkjanna um streitu hjá kennurum og hvaða áhrif hún hefur á bekkinn. Eitt hundrað kennarar svöruðu spurningum, meðal annars um hvort starfið væri streituvaldandi og hvort þeir upplifðu streitu. Næstum allir svarenda sögðust upplifa streitu

**» Greinilegt samhengi var á milli mikillar streitu hjá kennara og minni árangurs hjá nemendum þeirra.**

í starfinu. Yfir 90 prósent upplifðu mjög mikið álag en flestir kennararnir töldu sig geta tekist á við það. Þó voru 28 prósent sem töldu sig vera í erfiðleikum með að vinna sig frá streitunni. Í þeim hópi sáu vísindamenn kulnun í starfi og minni væntingar til þess að ná árangri. Þá var hærra hlutfall þunglyndis hjá nemendum kennara í þessum hópi.

### Árangur og streita

Greinilegt samhengi var á milli mikillar streitu hjá kennara og minni árangurs hjá nemendum þeirra. Rannsóknin var birt í Journal of School Psychology. Eftir nokkurn tíma á meðan rannsóknin stóð gátu vísindamenn tengt hegðunar- og einbeitingarvandamál meðal nemenda þeirra kennara sem töldu sig mjög stressaða í vinnunni. Hinn hópurinn þar sem kennarar gátu ráðið við streituna stóð sig betur í námi og hafði meiri félagslega færni.



Skólastarfið gengur betur og börnin ná meiri árangri ef kennarinn er í góðu jafnvægi. Minni árangur er hjá nemendum þar sem er streita. MYND/GETTY

### Mikil vinna

Samkvæmt greininni á forskning er streita algengt vandamál meðal kennara í Noregi eins og í Bandaríkjunum. Gerð hefur verið rannsókn á því hvers vegna kennarar endast illa í starfi. Í Noregi var spurt um þreytu, áhyggjur og þunglyndi frekar en streituvandamál. Næstum allir norskir kennarar finna fyrir tímapressu en hún getur orsakað mikla þreytu. Þá eru agavandamál í skólastofunni og átök við foreldra einnig áhrifavaldar hjá kennurum. Talað er um að það vanti tilfinnanlega betri rannsóknir á áhrif kennara á nemendur.

Flestir kennarar vinna mikið. Þeir vilja vera vel undirbúnir fyrir tímana og utan skólastofunnar þarf að vinna pappírsvinnu.




# Hvað á að vera í matinn?

Stundum er fólk að velta því fyrir sér hvað eigi að vera í matinn. Hér eru tvær uppskriftir að einföldum réttum sem auðvelt er að gera.

### Sterk súpa með kalkún

Mjög góð súpa sem hentar vel í vetrarkulda. Hægt er að nota hvort sem er afgang af kalkún eða kjúklingi. Súpan er skreytt með steiktum tortilla-kökum og lárperu. Uppskriftin miðast við fjóra.

**400 g afgangur af kalkún eða kjúklingi**
**2 hvítlauksrif**
**1 laukur**
**1 tsk. cumin**
**½ tsk. chili-duft**
**½ tsk. reykt paprikuduft**
**5 dl kjúklingasoð (vatn og einn teningur eða soð)**
**4 dl kókosmjólk**
**4 dl niðursoðnir tómatar**
**Meðlæti**
**2 hveiti tortillur**
**1 lárpera**
**1 smátt skorinn vorlaukur**
**1 jalapeno, smátt skorinn**

Hreinsið kalkúninn frá beinum og skerið niður. Skerið lauk og hvítlauk smátt og steikið í potti með olíu og kryddi.

Bætið kókosmjólk og tómötum saman við. Látið sjóða og malla síðan í 5-6 mínútur.

Skerið tortilla-kökurnar í strimla og steikið þá í olíu á pönnu þar til þær fá gylltan blæ.

Maukið súpuna með töfrasprota. Bætið síðan kalkún eða kjúklingi út í hana. Bragðbætið með salti, pipar og chili-pipar.

Ausið súpunni á disk og skreytið hana með tortilla, lárperusneið, vorlauk og jalapeno.



Saltbakaður silungur eða bleikja er mikill herramannsmatur.

### Saltbakaður silungur

Hér er góður réttur sem gaman er að prófa að elda. Þegar fiskur er bakaður í salti verður hann sérstaklega ljúffengur og safaríkur. Silungur eða bleikja henta vel í þannig bakstur. Uppskriftin miðast við fjóra.

**800 g silungur eða bleikja**
**200 g gróft salt**
**1 sítróna**
**1 poki blandað salat**

Skerið fiskinn í mátuleg stykki og hafið roðið á. Setjið saltið í eldfast mót og leggið fiskinn yfir, roðið snýr niður. Bragðbætið með salti, pipar og sítrónusafa. Bakið við 180°C í tólf til fimmtán mínútur eftir þykkt bitanna.

Berið fram með soðnum kartöflum og góðu salati.

Það er hægt að baka allan fisk með þessum hætti. Mjög sniðugt er að leggja fiskinn heilan á saltið og krydda með ferskum kryddjurtum.

# Orka Íslands

FÖSTUDAGUR 31. JANÚAR 2020

Kynningar: Zephyr, Landsnet.



## Skynsamlegt að virkja vindinn

Vindorka er orðin nógu hagkvæm til að það borgi sig að nýta hana hér á landi. Zephyr Iceland vill byggja vindmyllugarða á Íslandi og undirbýr nánari rannsóknir á um tíu stöðum á landinu. Til að slík verkefni geti orðið að veruleika er mikilvægt að lagaumgjörðin sé skýr, en þar skortir enn nokkuð á. Þetta mun þó sennilega brátt skýrast. →2

Vindorka er þess eðlis að þar er hægt að bæta við afar hógværu afli í áföngum á sama eða á sitt hvoru svæðinu, að sögn Ketils Sigurjónssonar framkvæmdastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á undanförnum árum hefur orðið mikil aukning í virkjun vindsins í mörgum löndum og meðal annars í Noregi, enda hefur hagkvæmni vindorku aukist mikið á síðustu árum. Nú er vindorka orðin svo hagkvæm að hún er á mörgum svæðum orðin ódýrasta tegund nýrrar raforkuframleiðslu. Hér á Íslandi eru vindaðstæður víða með því sem best gerist í heiminum og vindorka því vafalítið samkeppnishæf á íslenskum raforkumarkaði. Það er því tímabært að vindurinn verði virkjaður hér á landi.

„Vindorkufyrirtækið Zephyr Iceland var stofnað síðla árs 2018 og á næstu misserum og árum hyggst fyrirtækið ráðast í umtalsverðar rannsóknir á íslenskum vindi með það að markmiði að reisa vindmyllugarð eða vindmyllugarða á Íslandi,“ segir Ketill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.



Þessa mynd tók Ketill í Tellenes-vindmyllugarðinum í skammdeginu í desember síðastliðnum.

## Zephyr er brautryðjandi í nýtingu vindorku í Noregi

Zephyr Iceland er í meirihlutaeigu næststærsta vindorkufyrirtækisins í Noregi, sem heitir Zephyr. Einungis ríkisfyrirtækið Statkraft er umsvifameira í vindorkunni í Noregi. Zephyr er í eigu þriggja norskra vatnsaflsfyrirtækja, sem öll eru í eigu norskra sveitarfélaga og fylkja og er Zephyr því 100% í opinberri eigu.

„Zephyr hefur verið brautryðjandi í nýtingu á norskri vindorku og er eitt reynslumesta vindorkufyrirtækið þar í landi,“ segir Ketill. „Vindmyllugarðar Zephyr í Noregi eru nú alls um 600 MW og brátt bætast um 200 MW við á fjalllendinu upp af vesturströnd landsins. Til samanburðar má nefna að allt uppsett rafafl HS Orku er um eða innan við 200 MW og hjá Orkuveitu Reykjavíkur er aflið um 450 MW.“

Tvö stærstu vindorkuverkefni Zephyr til þessa eru bygging 160 MW vindmyllugarðs við Tellenes og nú er verið að byggja annan á Guleslettene sem verður um 200 MW,“ segir Ketill. „Google kaupir alla raforkuna frá Tellenes næstu 12 árin og öll raforkan frá Gule-slettene hefur verið seld til Alcoa með langtímasamningi. Zephyr hefur öðlast gríðarlega reynslu af öllu því sem viðkemur vindorku og undirbúningi, fjármögnun, byggingu og rekstri vindmyllugarða.“

## Sérfræðingar í undirbúningi, fjármögnun og rekstri

Að sögn Ketils er það ekki skilyrði í rekstri Zephyr að fyrirtækið eigi vindmyllugarðana sem fyrirtækið reisir. „Í dag eru það einkum elstu verkefnin sem Zephyr hefur eignarhald á. Sökum þess hversu þau gengu vel vakti Zephyr athygli bandaríska fjárfestingasjóðsins Black Rock, sem er einn stærsti fjárfestingasjóður í heimi, með um sex þúsund milljarða Bandaríkjadollara í eignastýringu,“ segir Ketill á. „Zephyr hefur nú selt tvo nýjustu vindmyllugarðana til Black Rock, sem hefur gert langtímasamning við Zephyr um rekstur þeirra. Hvaða viðskiptamódel hentar Íslandi best á eftir að koma í ljós, en það gæti til að mynda verið áhugavert að þróa og byggja vindmyllugarð fyrir eitthvert af rótgrónu íslensku raforkufyrirtækjunum.“

## Ábyrgt og áreiðanlegt

„Opinbera eignarhaldið á Zephyr er vafalítið einn þáttur í því hversu mjög fyrirtækið hefur varfærni að leiðarljósi og leitast við að forðast áhættu. Þá er mikil áhersla lögð á samfélagslegt gildi verkefna og gott samstarf við heimafólk,“ útskýrir Ketill.

„Það eru eðlilega fleiri fyrirtæki að skoða vindorku á Íslandi og hafa byrjað vindmælingar, enda er talsverður áhugi á að nýta vindorku hér á landi nú þegar kostnaður þeirrar tækni hefur lækkað,“ segir Ketill. „Fyrir um áratug reisti Landsvirkjun líka tvær vindmyllur fyrir ofan Búrfell og reynslan af rekstri þeirra hefur til þessa verið góð.“

Ketill segir sérstöðu Zephyr vera margvíslega. Fyrirtækið vilji flýta sér hægt og leggi mikla áherslu á sem breiðasta sátt um hvert verkefni. „Zephyr samanstendur af mjög þéttu teymi fólks með góða þekkingu og reynslu af vindorku og það mun efalítið reynast uppbyggingu Zephyr Iceland vel,“ segir Ketill. „Reynslan af verkefnum Zephyr í Noregi sýnir að þar hefur tekist vel til í samskiptum bæði við landeigendur og nágranna verkefnanna. Enda er algjört grundvallaratriði að fólkið sem býr í nágrenni verkefnanna sé sátt við framkvæmdirnar og að þær skili nærsamfélaginu sem mestu.“



Tellenes-vindmyllugarðurinn er nálægt vesturströnd Noregs, í nágrenni Stavanger. Google kaupir alla raforkuna sem er framleidd þar.

**Verkefni Zephyr í Noregi**

- Mehuken-vindmyllugarðurinn 25 MW (2010 og stækkun 2015).
- Midtfjellet-vindmyllugarðurinn 110 MW (2013).
- Tellenes-vindmyllugarðurinn 160 MW (2017).
- Kvitfjell og Raudfjell-vindmyllugarðurinn 280 MW (Zephyr rekstraraðili síðan 2019).
- Guleslettene vindmyllugarðurinn 200 MW (rís sumarið 2020).

> Nánast allt vatnsafl með miðlun á Íslandi er í eigu Landsvirkjunar svo það fyrirtæki ræður mjög miklu um það hvort eða hversu mikil vindorka verður nýtt hér á land.

## Sérlega hagkvæmt á Íslandi

„Nú erum við að byrja að setja upp fyrsta vindmælingamastrið og mögulega verður svo annað sett upp næsta sumar eða í haust,“ segir Ketill. „Svo er fjórði áfangi rammaáætlunar að fara af stað núna, sem þýðir að það er hægt að byrja verkefni innan hennar. Og vindorka er hagkvæm og endurnýjanleg orka sem er sérlega áhugaverð fyrir Ísland. Það getur nefnilega verið hagkvæmt fyrir kerfi sem byggir að stórum hluta á vatnsafli með miðlun, líkt og Ísland gerir, að bæta vindmyllum við kerfið. Með slíku samspili vatnsafls og vindafls er mögulegt að fá betri nýtingu úr kerfinu og auka tekjur af núverandi vatnsaflskerfi,“ segir Ketill.

„Íslenska raforkukerfið er heldur ekki stórt og því sérlega mikilvægt að forðast að byggja of stórar virkjanir sem gætu skapað offramboð. Þess vegna er lítil fjárhagsleg skynsemi í því að byggja til að mynda stórar vatnsaflsvirkjanir, því það er svo mikil viðbót í einu,“ segir Ketill. „En vindorka er þess eðlis að þar er hægt að bæta við afar hógværu afli í áföngum á sama eða á sitt hvoru svæðinu. Þannig er til dæmis hægt að stefna að 150 MW en byrja bara með 30 MW og svo er hægt að bæta við eftir þörfum í nokkrum áföngum. Þannig er unnt að skapa hógværan vöxt í framboði, samhliða hógværum vexti í eftirspurn eftir rafmagni.“

## Skýra þarf regluverkið

„Vindmyllugarðar eru annars eðlis en vatnsaflsvirkjun með miðlunarlón þar sem miðlunin er notuð til að tryggja stöðuga og jafna framleiðslu. Vindmyllugarðar eru eðlilega háðir því að vindar blási,“ segir Ketill. „Til að tryggja megi stöðugt framboð frá vindorkufyrirtæki þarf traustan aðgang að jöfnunarafli eða varaafli. Það er vara sem til að mynda gengur kaupum og sölu á opnum og skilvirkum raforkumarkaði í Skandinavíu, en hér á landi erum við á ókortlögðu landi hvað þetta varðar. Við vitum sem sagt ekki hver kostnaðurinn af þessu afli verður, en það skiptir miklu fyrir vindorkuframleiðslu.

Nánast allt vatnsafl með miðlun á Íslandi er í eigu Landsvirkjunar svo það fyrirtæki ræður mjög miklu um það hvort eða hversu mikil vindorka verður nýtt hér á landi. Það þarf að verða skýrar hvernig viðskiptum með slíkt afl verður háttað hér á landi. Og það mun örugglega brátt skýrast, enda hagkvæmt bæði fyrir vindorkuframleiðendur og vatnsaflsfyrirtækið,“ segir Ketill.

Það er líka ennþá óvissa um hvort eða með hvaða hætti vindorka fari undir rammaáætlun. En það er verið að skoða þau mál af hálfu stjórnvalda og þetta mun eflaust skýrast fljótlega,“ segir Ketill. „Regluverkið þarf einfaldlega að vera skýrt. Það er líka mögulegt að það séu einhver atriði sem sveitarfélög vilja fá skýrari leiðbeiningar um frá stjórnvöldum, til dæmis hver fjarlægðin á að vera frá byggð. En það þarf ekki að vera neitt flókið að skýra allan þennan lagaramma, það þarf bara að ganga í það.“

## Mikilvægar mælingar

„Vindmælingamastrið sem við erum að setja upp á Mosfellsheiði er nauðsynlegur þáttur í undirbúningi svona verkefna,“ segir Ketill. „Við erum með nokkuð góðar upplýsingar um vindaðstæður þarna, sem og á öðrum stöðum sem við erum að skoða. En rétt eins og þekkja þarf rennsli vatnsfalls og breytingar á því við undirbúning vatnsaflsvirkjunar, þarf að mæla vindinn af nákvæmni í að minnsta kosti heilt ár til að fá nákvæmar upplýsingar um orkuna.

Svona mælingamöstur eru nokkuð há eða um 80 metrar. Enda þarf að mæla vindinn í svipaðri hæð eins og þeirri sem spaðarnir væru að snúast í. Það eru líklega mjög fá ef þá nokkur dæmi um að vindur hafi verið mældur í svo mikilli hæð á Íslandi fyrr en nú á allra síðustu misserum,“ segir Ketill. „Þetta eru sérhæfð mælitæki sem mæla vindstyrk, stefnu, úrkomu, hitastig og margt fleira. Það er norskt fyrirtæki með mikla reynslu af svona mælingum, sem sér um mælingarnar fyrir okkur.“

## Vindmyllugarður á Íslandi innan nokkurra ára

„Raforkan sem fæst úr vindorku er ýmist seld beint til tiltekinna notenda eða til milliliða sem selja rafmagnið áfram, til dæmis til raforkufyrirtækja sem sjá þannig tækifæri til að auka markaðshlutdeild sína,“ segir Ketill. „Við vonumst til að geta boðið Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum raforku frá íslenskum vindi á hagstæðu verði innan nokkurra ára.

Ef allt gengur að óskum gætu vindmyllugarðar verið komnir í starfsemi eftir um það bil fimm ár. Um leið er mikilvægt að hafa í huga að orkuverkefni geta reynst mjög tímafrek í undirbúningi og ýmis lagaleg óvissuatriði geta tafið þau. Vindmyllugarðar hafa aftur á móti þá sérstöðu að þegar öll leyfi eru í höfn er unnt að reisa vindmyllurnar á skömmum tíma. Og það er full ástæða til bjartsýni um að verkefnin gangi vel,“ segir Ketill Sigurjónsson.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is







# Við aðstoðum við orkuskipti

**TÆKIFÆRI TIL ORKUSKIPTA Á ÝMSUM SVIÐUM ATVINNULÍFSINS.**
Verkís veitir fyrirtækjum ráðgjöf er varðar hagkvæmniathuganir, hönnun og framkvæmd orkuskipta í samgöngumálum. Lausnir okkar eru óháðar söluaðilum. Markmið okkar er að velja bestu lausnina fyrir þinn rekstur.

Hafðu samband og taktu fyrsta skrefið að orkuskiptum með okkur.

**HÖFUÐSTÖÐVAR VERKÍS** Ofanleiti 2, 103 Reykjavík | sími 422 8000 | **verkis.is**

VERKÍS



Engilráð Ósk Einarsdóttir og Gnýr Guðmundsson hjá Landsneti segja mikilvægt að huga að umhverfinu og nota endurnýjanlega orku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mikilvægt að hugsa um framtíðina

Landsnet gerir sér grein fyrir mikilvægi umhverfisvænna lausna. Fyrirtækið hefur ákveðið að verða kolefnishlutlaust árið 2030 og er með skýra stefnu um hvernig á að ná því markmiði.

Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu hjá Landsneti, segir að Íslendingar standi frammi fyrir frábæru tækifæri til að skipta yfir í innlenda endurnýjanlega orkugjafa.

„Þannig náum við að spara gjaldeyri og einnig að auka orkuöryggi landsins með því að gera okkur minna háð innfluttri olíu og öðru eldsneyti,“ segir hann.

„Með orkuskiptunum er miðað að því að minnka losun og standa við Parísarsamkomulagið. Jafnvel gera enn betur og gera Ísland kolefnalaust árið 2050 eins og stjórnvöld vilja.“

Gnýr segir að orkuskiptin snúist ekki bara um að rafvæða fólksbíla heldur sé málið mun víðameira en það. „Bara á síðasta ári var fjórðungur seldra bíla á Íslandi rafbílar eða tengiltvinnbílar. Þetta er að gerast hratt. En við eigum eftir að rafvæða sendibíla, vörubíla, rútur og vinnuvélar. Það verður líklega ekki bara rafvæðing heldur blandaðar lausnir. Það er mikið talað um að fjöldi vetnisbíla eigi eftir að koma á markað en þeir eru í raun rafmagnsbílar. Vetnið er búið til með rafmagni og því breytt aftur í rafmagn í bílunum. Vetnið er bara orkuberi, eins konar millistig.“

Að sögn Gnýs eru orku- og veitufyrirtækin tilbúin fyrir rafbílavæðingu. „Að sjálfsögðu eykst álag á kerfin en fyrirtækin gera öll ráð fyrir því í sínum uppbyggingaráætlunum og eru að uppfæra sín kerfi, bæði dreifikerfin, flutningskerfin og eins framleiðslu á orku.“

## Getum hætt að flytja inn jarðefnaeldsneyti

Gnýr segir aftur á móti að ef við ætlum að vera metnaðarfyllri hér á landi sé alveg hægt að taka orkuskiptin alla leið. „Ef markmiðið er sett á kolefnislaust Ísland árið 2050 þá erum við að tala um alla haftengda starfsemi, skip, mögulega flugvélar og allan pakkann. Þá getum við nánast alveg hætt að flytja inn jarðefnaeldsneyti. Við erum í alveg frábærri stöðu hérna á Íslandi til þess að gera það.“

Þessar breytingar kalla á aukið afhendingaröryggi í raforkukerfinu að sögn Gnýs. „Það þarf að vera miklu betra en það er í dag ef við ætlum að stóla á rafmagn sem frumorkugjafann okkar. Það má ekki skapast ástand eins og skapaðist á landinu í vetur. Hús úti á landi eru víða eingöngu hituð með rafmagni og ef það verður rafmagnslaust í marga daga þá kólna þau niður eins og gerðist í desember. Það þýðir að við erum ekki að ná að viðhalda þessum orkuskiptum sem nú þegar eru orðin. Það þarf að setja fókusinn á að laga þessa innviði og byggja kerfin upp svo hægt sé að stóla á þau.“

Gnýr nefnir einnig að ef farið verður út í frekari orkuskipti, til dæmis að búa til eldsneyti eins og vetni og fljótandi eldsneyti, þá verði orkuþörfin meiri. „Ef við ætlum að nota vetni til að knýja farartæki þá þurfum við þrisvar sinnum meira rafmagn heldur en ef við notum rafmagnið beint. Það verður því meiri þörf fyrir orku. Sú orka mun mjög líklega koma að einhverju leyti frá vindorku og eins nýjum virkjunum. Ef við ætlum að nýta þessi tækifæri sem best þá skiptir öllu máli að raforkukerfin séu í lagi. Að þau hafi næga flutningsgetu, að skilvirknin sé góð og að landshlutar séu samtengdir.“

Gnýr segir að lokum að það sé mikilvægt að huga að framtíðinni „Við megum ekki loka á möguleikann á að skipta yfir í okkar eigin innlendu endurnýjanlegu orkugjafa. Við þurfum að hugsa um hvernig þetta verður eftir 10, 15 eða 20 ár. Afhendingaröryggið er mikilvægt en við þurfum líka að hugsa um hvar við ætlum að framleiða þessa orku og hvernig við ætlum að koma henni á milli staða á sem hagkvæmastan hátt.“

## Raforkumál eru umhverfismál

Engilráð Ósk Einarsdóttir, verkefnastjóri gæðamála og samfélagsábyrgðar hjá Landsneti, segir að raforkumál séu umhverfismál og að öflugt flutningskerfi fyrir raforku sé forsenda sjálfbærni og umhverfisvænnar orkunýtingar. „Með því að styrkja flutningskerfið sjálft drögum við úr ákveðinni orkusóun og aukum þannig nýtingu á endurnýjanlegri orkuauðlind þjóðarinnar. Þannig gerum við samfélaginu kleift að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir raforku,“ segir hún.

Landsnet hefur unnið að ýmsum verkefnum til að stuðla að orkuskiptum og fékk meðal annars umhverfisverðlaun Samtaka atvinnulífsins árið 2017 fyrir framtak ársins á sviði loftslagsmála fyrir verkefnið Snjallnet á Austurlandi.

„Við hjá Landsneti höfum sett okkur stefnu þar sem sérstaklega er greint frá því að við ætlum að lágmarka umhverfisáhrif í rekstri fyrirtækisins. Við erum að huga að samfélaginu með sjálfbærni að leiðarljósi,“ segir Engilráð. Landsnet hefur sett sér samfélagsábyrgðarstefnu og umhverfisstefnu og markmið til næstu ára um hvaða verkefni verður unnið að. „Helsta verkefnið okkar í umhverfismálum er að verða kolefnishlutlaust félag árið 2030,“ segir Engilráð.

> „Við hjá Landsneti höfum sett okkur stefnu þar sem sérstaklega er greint frá því að við ætlum að lágmarka umhverfisáhrif í rekstri fyrirtækisins.

„Við erum með öflugt umbótastarf sem er ein af undirstöðum framfara í umhverfismálum. Við reynum stöðugt að gera betur í dag en í gær og nýta lærdóm af þeim verkefnum sem við erum að vinna að í næstu verkefni.“

## Greina árlega frá kolefnisspori sínu

Fyrirtækið er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi en með því er umhverfismálum gert ennþá hærra undir höfði og stuðlað að markmiðum fyrirtækisins í þeim málum.

„14001 ISO umhverfisstjórnunarstaðall er alþjóðlegur og setur ramma um hvernig við getum starfað á árangursríkan og skilvirkan hátt. Með staðlinum höfum við náð að kortleggja helstu áhættuþætti sem tengjast umhverfismálum fyrirtækisins og greina mikilvæga umhverfisþætti sem við þurfum að huga að í starfsemi félagsins. Má þá helst nefna umhverfisrask vegna verkefna, loftslagsmál og umhverfisóhöpp, útskýrir Engilráð.

Landsnet er eitt þeirra fyrirtækja sem skrifuðu undir Parísarsáttmálann og þar af leiðandi greinir fyrirtækið árlega frá kolefnisspori sínu í ársskýrslu.

„Við erum búin að greina starfsemina eftir umfangi og skiptum henni í beina losun við rekstur fyrirtækisins og óbeina losun. Losunarbókhald Landsnets er nokkuð frábrugðið öðrum fyrirtækjum, sem dæmi má nefna að við notum SF6 gas sem einangrunarmiðil í rafbúnaði í tengivirki og er fylgst með leka á búnaði með mælitækjum. Varaafl kemur líka inn í losunarbókhaldið. Það var í sögulegu lágmarki 2018 en eftir óveðrið í desember má gera ráð fyrir mikilli losun vegna keyrslu á því. Flutningstöp eru skráð sem óbein losun og er einn stærsti losunarþáttur í bókhaldinu með SF6 gasinu. Það tapast rúmlega 2% af þeirri raforku sem er sett inn í kerfið á leiðinni til notenda, vegna viðnáms í raflínunum og spennu í raforkuflutningskerfinu. Við þurfum samkvæmt raforkulögum að útvega rafmagn fyrir það sem tapast,“ útskýrir Engilráð og bætir við að SF6 gas og flutningstöp séu þeir losunarþættir sem valda mestri losun í starfsemi félagsins en töpin hafi farið vaxandi á undanförnum árum af því að kerfið er það lestað.

Engilráð segir að lokum að Landsnet sé bæði með árlegar áætlanir um hvernig mögulegt sé að minnka losunina en það þurfi líka að huga að langtímaáætlun fyrir næstu 10 ár um hvernig á að ná kolefnishlutleysi.

„Með því að styrkja flutningskerfið mun það leiða til ábyrgari meðferðar orkunnar og betri orkunýtingar og þar af leiðandi minnkar kolefnissporið okkar hjá Landsneti og samfélaginu í heild.“


Landsvirkjun
Orka til framtíðar
Gagnvirk orkusýning Landsvirkjunar í Ljósafossstöð útskýrir orkuna sem býr í öllum hlutum á skemmtilegan og fræðandi hátt.
Opnunartíma og leiðarlýsingar má finna á landsvirkjun.is/heimsoknir.
Verið velkomin.
Ljósafossstöð er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.
Nánari upplýsingar má finna á www.landsvirkjun.is/heimsoknir.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Mikilvægt að við deilum þekkingu

**Ingunn Gunnarsdóttir nam við virta háskóla í Bandaríkjunum þar sem golfhæfileikar hennar komu sér vel. Hún vinnur nú að doktorsrannsókn í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ.**

Ég er 29 ára Kópavogsbúi sem hefur áhuga á að takast á við brýn umhverfisvandamál samtímans. Til þessa hefur háskólanám mitt verið í Bandaríkjunum þar sem ég kláraði bakkalárspróf í umhverfis- og jarðvísindum frá Furman-háskóla í Suður-Karólínu og meistarapróf í umhverfisstjórnsýslu frá Columbia-háskóla í New York.“



Ingunn Gunnarsdóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Þróar sjálfbærnivísa

„Ég náði að nýta mér það að vera ágæt í golfi til að fá tækifæri til að læra við flotta skóla í Bandaríkjunum og er núna doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands að rannsaka sjálfbæra orkuþróun. Um tíma vann ég hjá Umhverfisstofnun sem sérfræðingur í úrgangsmálum þar sem ég stýrði meðal annars vitundarvakningarherferð gegn matarsóun.“

Ingunn hefur löngum haft áhuga á þessum mikilvæga málaflokki. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á orkumálum, sérstaklega í ljósi þess hversu stóran sess þau skipa í íslensku samfélagi. Mér fannst ég hafa góðan grunn í umhverfismálum og stefnumótun en vanta frekari þekkingu á orkumálum. Þá var ekki verra að viðfangsefnið yrði íslenska orkukerfið sem stendur einstaklega vel í alþjóðlegum samanburði að mörgu leyti. Þessi doktorsrannsókn hefur leitt mig lengra út í félagsvísindi en ég bjóst við sem hefur verið lærdómsríkt,“ skýrir hún frá.

„Meginmarkmið rannsóknarinnar er að þróa sjálfbærnivísa fyrir íslenska orkukerfið. Sjálfbærnivísar eru í rauninni mælikvarðar á árangur í átt að sjálfbærri orkuþróun eða sjálfbærri orkuframtíð. Fyrsta skrefið var því að skilgreina hvað sjálfbær orkuþróun á Íslandi fæli í sér sem ég gerði með samtali við hagsmunaaðila. Í kjölfarið hef ég þróað sjálfbærnivísa sem endurspegla þær áskoranir sem íslenska orkukerfið stendur frammi fyrir.“

Þá bendir Ingunn á samspil umhverfis- og þróunarmála. „Á alþjóðavísu er mest áríðandi að ná sjöunda heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Aðgengi að orku er grundvöllur fyrir samfélagslegri og efnahagslegri þróun og bættum lífsgæðum. Því spilar orka stórt hlutverk í því að takast á við þróunarvandamál heimsins.“

## Tækifæri og áskoranir

Ingunn segir Ísland búa yfir mikilli sérstöðu í þessum málaflokki. „Í rauninni mætti segja að Ísland sé með eitt sjálfbærasta orkukerfi í heiminum vegna hás hlutfalls endurnýjanlegra orkugjafa í því sem er kallað frumorkunotkun. Við erum rík af náttúru- og orkuauðlindum sem hafa gefið okkur sérstöðu í þessum málaflokki og því er mikilvægt að við deilum þekkingu okkar með þeim sem eru eftirbátar okkar, að því marki sem auðið er.“

Viðfangsefnið er hvorki einfalt né auðvelt. „Við stöndum samt frammi fyrir ýmsum áskorunum. Má þar helst nefna orkuskipti í samgöngum og sjávarútvegi. Með orkuskiptum má minnka losun en einnig myndi orkuöryggi aukast þar sem við þyrftum ekki að reiða okkur á innflutt jarðefnaeldsneyti. Sömu framsýni þarf og var sýnd við hitaveituvæðingu á sínum tíma til að leitast við að losna við það sem enn er notað af jarðefnaeldsneyti. Hversu flott væri að geta sagt að Ísland sé að öllu leyti knúið af innlendri og endurnýjanlegri orku?“

Gera þurfi betur á mörgum sviðum. „Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í frumorkunotkun okkar hefur minnkað á undanförnum árum, aðallega vegna aukningar í flugi, sem er alfarið rekið á jarðefnaeldsneyti. Þetta er slæm þróun. Aðrar áskoranir sem mætti nefna er styrking flutnings- og dreifikerfis fyrir raforku. Óveðrin undanfarið hafa sýnt greinilega fram á þörf þess. Einnig finnst mér varhugavert hversu hátt hlutfall stóriðjan hefur í raforkunotkun landsins. Mér finnst fullmörg egg í þeirri körfu.“


Vantar vatn eða varma?

Jarðborar á ferðinni

Borum eftir heitu og köldu vatni, varmadæluholur, rannsóknarholur, metangasholur og sjóholur. Allt frá grunnum holum til djúpra og grannra til víðra.

Erum með borverkefni í gangi víðsvegar um landið og mætum óskum verkkaupa um boranir hvar sem er.

Endilega hafið samband ef ykkur vantar holu.

Áratuga reynsla við jarðboranir.







RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða | Gagnheiði 35 | 800 Selfossi
Sími 480 8500 / 860 2054 | raekto@raekto.is | raekto.is



Dagbjört Elín Ármannsdóttir, nemi í rafvirkjun, og Helgi Már Valdimarsson rafiðnfræðingur að störfum.


# RAFMENNT er máttur

***RAFMENNT*** – fræðslusetur rafiðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafiðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistaraskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

***RAFMENNT*** varð til árið 2018 við sameiningu Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

***Rafiðnaðarsamband Íslands*** og ***Samtök rafverktaka*** eiga og reka ***RAFMENNT*** í sameiningu.

RAFMENNT
*fræðslusetur rafiðnaðarins*

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160

# Njóttu þess að vera í þægilegum innihita í kuldatíð vetrarins

Þegar kólnar í veðri er nauðsynlegt að yfirfara og jafnvægisstilla hitakerfi hússins svo að það uppfylli sitt meginhlutverk; að skapa þægilegan innihita, halda kostnaði í lágmarki og að nýting heita vatnsins sé í hámarki. Jafnvægisstilling felur í sér að hámarksrennsli til hvers ofns er stillt. Rennsli til ofna er stillt með innri stillingu á ofnloka. Á eldri kerfum getur þurft að endurnýja þennan búnað til að hægt sé að stilla kerfið með góðum árangri.



**Auðvelt er að gera ofn óvirkan með því að byrgja hann með sólbekk, gluggatjöldum eða húsgögnum.**

Mælt er með að láta fagmann stilla ofnakerfið. Auðvelt er að gera ofn óvirkan með því að byrgja hann með húsgögnum, sólbekkjum og gluggatjöldum. Ef ekki er hugað að þessu kemst hiti illa út í herbergið þar sem ofnloki lokar fyrir rennsli þegar hitastig á bak við húsgögnin hefur náð innstilltum herbergishita.

Yfirleitt er ekki þörf á að breyta stillingu hitastillis á lofthitastýrðum lokum ef viðhalda á óbreyttum herbergishita. Þegar búið er að finna þægilegan herbergishita er gott að setja minnispunkt á stillingu sem hentar viðkomandi herbergi.

Til að minnka heitavatnsnotkun og lækka orkureikning er ráð að nota loftstýrða ofnloka til að jafna innihitann, fara yfir þéttleika og einangrun glugga og hurða og loka gluggum þegar kalt er úti.
Heimild: veitur.is



**Vindmyllur eru umhverfisvæn kostur.** MYND/GETTY

# Vindmyllur verða vinsælli

Vindmyllur hafa breytt vindorku í rafmagn í rúmlega 130 ár. Talið er að fyrstu vindtúrbínurnar, það er vindmyllur sem framleiða rafmagn, hafi verið notaðar í Skotlandi, Danmörku og í Ohio í Bandaríkjunum. Minnstu vindtúrbínurnar eru notaðar til að hlaða vararafstöðvar fyrir til dæmis báta og húsbíla en stærri vindmyllur geta séð heimilum fyrir rafmagni. Vindmyllugarðar með mörgum stórum vindmyllum verða sífellt vinsælli en talið er að notkun vindmylla sé mun umhverfisvænni en aðrar aðferðir við framleiðslu rafmagns. Mörg lönd notast við vindmyllur til framleiðslu raforku til að draga úr losun jarðefnaeldsneytis.



**Rétt viðbrögð við hvers kyns rafmangsslysum skipta sköpum.**

# Rafmagn er dauðans alvara

Ef maður verður fyrir rafstraumi skiptir mestu að stytta tímann sem straumurinn varir. Sekúndubrot skipta þar máli og áríðandi að viðstaddir bregðist rétt við þegar slys ber að höndum.

Rafstraumur getur framkallað vöðvakrampa sem varir eins lengi og straumurinn fer um líkamann. Það þýðir að fólk getur í sumum tilfellum ekki losað sig frá straumgjafanum. Hjartað er vöðvi sem gengur fyrir rafboðum og því getur straumurinn valdið krampa í hjartanu og þar með truflað rafboð þess og leitt til hjartastopps.

Þegar rafmagnsslys verður er talað um tvo snertifleti, þar sem rafstraumur fer inn í líkamann og þar sem hann kemur út. Straumurinn veldur oft sjáanlegum bruna á snertiflötum en á milli þeirra getur hann valdið innvortis bruna sem ekki sést. Því meiri sem rafstraumurinn er og því lengur sem hann varir, þeim mun dýpri og meiri verður bruninn. Hringið strax í 112 og tilkynnið um slysið því rétt meðhöndlun skiptir miklu máli.

**Heimild: Bæklingurinn Rafmagn er dauðans alvara, frá Mannvirkjastofnun**




ÚTSALAN
ER BYRJUÐ
Full búð af spennandi útivistarvörum
30-50% afsláttur
icebreaker MERINO
Einnig fáanleg í barnastærðum
100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.
OSPREY BAKPOKAR
OSPREY
Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins
30-50% afsláttur
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
30% afsláttur
FERRINO
GSI OUTDOORS
Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar broddar ofl. frá GSI, Ferrino og Veriga með góðum afslætti
GÖNGUSKÓR OG SANDALAR
KEEN
30-50% afsláttur
30-50% afsláttur
PEAK PERFORMANCE
30% afsláttur
FERRINO
Allar GRIVEL og singing rock vörur með góðum afslætti
PeakPerformance
Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!
GG·sport
Opið í dag föstud. 10-18
Opið laugardag 11-18
og á sunnudag 12-16
GG·sport
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# Pöndutvíburar frumsýndir

**Almenningur getur loks farið og séð pöndutvíburana Meng Xiang og Meng Yuan, sem fæddust í dýragarðinum í Berlín í ágúst á síðasta ári. Þeir eru fyrstu pöndurnar sem fæðast í Þýskalandi.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Þá er loks komið að síðasta degi hins endalausa janúarmánaðar. Þessi fyrsti mánuður ársins hefur verið ansi litríkur og það hefur ekki verið neinn skortur á slæmum fréttum, svo það er kannski ágætt að enda mánuðinn á einhverju upplífgandi.

Í gær var byrjað að sýna almenningi pöndutvíburana sem fæddust í dýragarðinum í Berlín í ágúst á síðasta ári og í tilefni af því fengu blaðamenn að sjá þá daginn áður. Þá voru þessar skemmtilegu myndir teknar.

Litlu pöndustrákarnir Meng Xiang og Meng Yuan, einnig þekktir sem Pit og Paulie, eru fyrstu pöndurnar sem fæðast í Þýskalandi. Samt sem áður teljast þeir kínverskir og það verður að flytja þá til Kína innan örfárra ára.

Móðir þeirra, Meng Meng, og pabbi þeirra, Jiao Qing, eru í láni frá Kína og hafa búið á svæði sem hefur kostað 10 milljón evrur að standsetja síðan árið 2017. Tvíburarnir virtust kunna vel að meta nýju vistarverurnar.









NORDICPHOTOS/GETTY






Kannaðir verða menningarheimar Kópavogs og lítt þekktari staðir í bænum.

# Konur ganga saman í Kópavogi

Langar þig að upplifa Kópavog upp á nýtt? Á kvennagöngunni Góðir grannar kynnir Jo Van Schalkwyk öðrum konum hverfið sitt, menningu og staðhætti í Kópavogi frá sínu einstaka sjónarhorni. Kannaðir verða menningarheimar Kópavogs, eitt af íþróttasvæðum bæjarins og aðrir lítt þekktir staðir athugaðir undir líflegri leiðsögn Jo Van Schalkwyk.

Jo van Schalkwyk hefur varið helmingnum af 46 ára ævi sinni á Íslandi. Hún býr nú 34 breiddargráðum fjarri Suður-Afríku, þar sem hún kom í heiminn. Jo hefur unnið í fiskvinnslu, ferðamennsku, við kennslu og tekið þátt í stjórnmálum á Íslandi. Hún er með mastersgráðu í alþjóða stjórnmálahagfræði.

Kópavogur er heimabær Jo, þar sem hún dýfir tánum í kalda potta og reitir af sér brandara á uppistöndum. Hún er þriggja barna móðir sem elskar lífið í Kópavogi, sem hún deilir einnig með tveimur köttum og eiginmanni. Orðasmíð eru hennar helsta áhugamál.

Það er Söguhringur kvenna sem býður öllum konum að slást í hópinn með Jo. Söguhringur kvenna er vettvangur fyrir konur þvert á samfélagið til að hittast og tengjast í gegnum samveru og listræna tjáningu. Jafnframt er boðið upp á hagnýta fræðslu um menninguna og samfélagið sem við búum í. Öllum konum er velkomið að taka þátt hvenær sem er.

Söguhringur kvenna er samvinnuverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og W.O.M.E.N., Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Dagskrá Söguhrings kvenna vetur/vor 2020 er styrkt af félagsmálaráðuneytinu.

Hist er við Kópavogskirkju á sunnudaginn, 2. febrúar, klukkan 13.30 til 15. Komið með gamalt brauð fyrir endurnar og vel skóaðar. Þátttaka er ókeypis.

ESTĒE LAUDER

Estée Lauder dagar
í Lyfjum og heilsu Kringlunni
og Glerártorgi, Akureyri.

**25% afsláttur**
af öllum vörum frá Estée Lauder
í dag föstudag - sunnudags

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2020**

**STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is

s. 863 4449

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

**Uppl. í s. 663 5315**

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

### Önnur þjónusta




## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Atvinna

### Atvinna í boði

VÉLVÍK
www.velvik.is

**NEMI Í RENNISMÍÐI / AÐSTOÐARMAÐUR Á VERKSTÆÐI.**
Vélvík ehf óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði.

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Einnig getum við bætt við nema í rennismíði.

Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar.
**Upplýsingar gefa Magnús eða Daníel í síma 5879960.**
**Einnig má senda netpóst á velvik@velvik.is**

## Heilsa

### Nudd

**NUDD**
Heilnudd, slökun, íþróttanudd og snyrting. Afslappandi og gott umhverfi á sv. 105 rvk. og einnig opið kvöld og helgar. S. 896-0082

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi til leigu á svæði 203, með aðgangi að eldhúsi, baðherbergi og þvottavél. Nánari uppl 699-5407

Góð 2 herbergja íbúð til leigu í Grafarvogi, langtímaleiga 185 þús á mánuði, 2mánaða bankatrygging. Reykingar ekki leyfðar né gæludýr. Áhugasamir sendið upplýsingar um fjöldskylduhagi á habbyhalldors@gmail.com

### Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

### Til sölu

**Einn með öllu !**



**M.Bens GLS 350**
D 4Matic
Árg 2017
Akstur 87 þ.km
7 Manna

Eini sinnar tegundar með háu og lágu drifi

**Verð 10.9 m**

Nánari uppl. í síma 588 5300. Netbilar@netbilar.is


**Ótrúleg verð – komdu og kíktu við!**




**Dethleffs Trend A 6977**
Árgerð 2015. Truma Combi 6, bakkmyndavél, samlit áklæði á framsætum, kapteinstólar, rafdrifin trappa, stór sjálfvirkur ísskápur með sér frystihólfi, stór lest, hjólagrind, flugnanet í hurð ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð: 4.990.000.**




**Sunlight T 60**
Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, silfurgrár hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, stór geymsla aðgengileg beggja vegna ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð: 7.670.000.**




**Sunlight T 58**
Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, silfurgráar hliðar, álfelgur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, LED lýsing, samlit áklæði á framsætum, gott geymslupláss ofl. ofl.
**Ótrúlegt verð: 7.830.000.**




**Sunlight T 64**
Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, 16" álfelgur, silfurgráar hliðar, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, gott geymslupláss, loftkæling o.fl. o.fl.
**Ótrúlegt verð: 8.350.000.**




**Sunlight Cliff 640**
Árgerð 2018. FIAT Maxi grindin, 16", markísa, gott geymslupláss aftur í, LED lýsing, 12V pressuísskápur, 6 gíra, cruise control, loftkæling, snúningsstólar, bakkskynjarar o.fl. o.fl.
**Ótrúlegt verð: 8.790.000.**




**Sunlight T 68**
Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, álfelgur, silfurgráar hliðar, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling o.fl. o.fl.
**Ótrúlegt verð: 8.890.000.**




**Sunlight T 69 L**
Árgerð 2017. Markísa, hjólagrind, lestarlúga báðum megin, fellirúm í toppi, hjónarúm með aðgengi báðum megin, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gírar, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur o.fl. ofl. **Ótrúlegt verð: 8.990.000.**




**LMC Breezer H 737 G**
Árgerð 2017. Markísa, lestarlúga báðum megin, útdrag á milli rúma, fellirúm í toppi, stór ísskápur, LED lýsing, 6 gíra, cruise control, snúningsstólar, loftkæling, 16" álfelgur, bakkmyndavél o.fl. o.fl.
**Ótrúlegt verð: 9.590.000.**

**OPIÐ UM HELGINA FRÁ 12-16**

P. KARLSSON EHF.

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

**P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ |517 5200**
**www.pkarlsson.is**



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

## Skemmtanir




## Fasteignir



LAVA

**ÓSKAÐ ER EFTIR REKSTRARAÐILA FYRIR VEITINGASAL Í LAVA CENTER**



- Um er að ræða fullbúinn veitingastað með öllum helstu tækjum, staðsettur í Lava Center á Hvolsvelli. Um 160 þúsund manns fóru um miðstöðina 2019 og því miklir möguleikar fyrir veitingarekstur, verslun og kaffihús á staðnum.



Frekari upplýsingar veitir Guðlaugur I. Guðlaugsson, löggiltur fasteignasali, í síma 864 5464 / gudlaugur@eignamidlun.is

EIGNAMIÐLUN SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

Grensásvegur 11
Sími 588 9090
www.eignamidlun.is

## Merkisatburðir

**1881** Kirkjan á Núpi í Dýrafirði fýkur á haf út í ofviðri, þrátt fyrir að vera nýbyggð og vönduð.

**1926** Fyrstu útvarpsútsendingar í tilraunaskyni fara fram á Íslandi þegar H.f. Útvarp hefur útsendingar.

**1971** Mannaða geimfarið Apollo 14 leggur upp í ferð til tunglsins.

**1980** Ferðamönnum er leyft að kaupa bjór við komuna til Íslands.

**1981** Allsherjarmanntal er tekið á Íslandi, það 22. í röðinni síðan 1703.

**1982** Samtök um kvennaframboð eru stofnuð af konum í Reykjavík.

**1990** Fyrsti rússneski McDonald's-staðurinn er opnaður í Moskvu.



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ari Rögnvaldsson**
vélstjóri,
Vestursíðu 9, áður Skálagerði 2, Akureyri,

er lést 20. janúar sl. verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 3. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hetjurnar – félag langveikra barna á Norðurlandi.

**Sigríður Halldóra Hermannsdóttir**
**Anna Guðný Aradóttir** **Ásgeir H. Steingrímsson**
**Hermann Arason** **María Ólafsdóttir**
**Ingibjörg Aradóttir** **Trausti Guðmundsson**
**Sigríður Matthildur Aradóttir** **Sindri Már Heimisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bragi Jónsson**
bókbindari,
Hæðargarði 29, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 15. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Starfsfólki B4 Landspítala Fossvogi eru færðar hjartans þakkir fyrir alúð og umhyggju.

**Kristbjörg Gunnarsdóttir**
**Erna Kristín Bragadóttir** **Gísli Benediktsson**
**Jón Örn Bragason** **Snjólaug Guðjohnsen**
**Birgitta Bragadóttir** **Gunnar Eiríkur Hauksson**
**Aðalheiður Bragadóttir** **Þorfinnur Björnsson**
**Brynjólfur Bragason** **Auður Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**Ásmundur Steinar Guðmundsson**
Árskógum 8, áður Kársnesbraut 117,

lést sunnudaginn 26. janúar. Útför hans fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 3. febrúar klukkan 13.00.

**Kristín Hjaltadóttir**
**Brynja Dýrborgardóttir**
**Hallfríður Ásmundsdóttir**
**Steinar Ás Ásmundsson**
**Aron Óli og Sólveig María**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Þorsteinsdóttir**
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum 23. janúar sl. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Bryndís Guðnadóttir** **Þorsteinn Marinósson**
**Guðni Guðnason** **Sigurbjörg H. Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Okkur finnst gaman að hafa hátíðina aðgengilega öllum, fyrst við höfum tök á því, segir Ragnheiður.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Skemmtilegt afkvæmi Myrkra músíkdaga

**Myrkrabörn, ný tónlistarhátíð fyrir börn, verður haldin 1. febrúar í Kaldalóni, Hörpu. Einkum verður samtímatónlist á dagskránni. Meðal annars má nefna barnaóperu, kórverk eftir Hildi Guðnadóttur, dótapíanó og tónlist sem samin er með börn í huga.**

Hann Gunnar Karel, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga, á hugmyndina að hátíðinni Myrkrabörnum," segir Ragnheiður Maísól Sturludóttir, verkefnastjóri nýrrar tónlistarhátíðar fyrir börn, sem haldin verður á morgun, laugardag, frá 14.00 til 17.00. Hún segir tildrögin þau að á síðustu Myrku músíkdögum hafi verið boðið upp á barnaprógramm og það hafi verið svo vel sótt að grundvöllur hafi þótt fyrir einhverju stærra. „Við kýldum á það og gerðum sér dagskrá fyrir börnin. Þetta er sjálfstæð hátíð, afkvæmi Myrkra músíkdaga."

> OVið kýldum á það og gerðum sér dagskrá fyrir börnin. Þetta er sjálfstæð hátíð, afkvæmi Myrkra músíkdaga.

Fókusinn verður á samtímatónlist, að sögn Ragnheiðar Maísólar. „Í ár eru þrír viðburðir á dagskrá, söngur Stúlknakórs Reykjavíkur og Auroru, í þeim síðarnefnda eru elstu dömurnar úr stúlknakórnum sem hafa haldið áfram. Þær syngja lög úr kvikmyndum, það elsta eftir Jórunni Viðar og einnig er tónlist eftir Hildi Guðna sem er að gera garðinn frægan. Eitthvað spinna stúlkurnar sjálfar og svo kemur Tinna Þorsteinsdóttir konsertpíanisti sem hefur tekið dótapíanó upp á sína arma, hún segir frá og verður með vídeó og fleira skemmtilegt. Tríóið Tríópa lokar þessari dagskrá, í því eru söngvararnir Hallveig Rúnars og Jón Svavar Jósepsson, ásamt Hrönn Þráinsdóttur píanóleikara. Þau bregða á leik og færa börnum á öllum aldri nýja, íslenska söngtónlist sem er samin með börn í huga."

Ragnheiður Maísól segir fólk á öllum aldri velkomið meðan húsrúm í Kaldalóni leyfi. „Okkur þótti mikilvægt að börn væru þátttakendur í dagskránni, ekki bara áheyrendur. Aðgangurinn er ókeypis því kostnaður getur verið eitthvað sem fólk setur fyrir sig þegar menningarviðburðir eru annars vegar og okkur finnst gaman að hafa hátíðina aðgengilega öllum, fyrst við höfum tök á því. Við fengum styrk úr Barnamenningarsjóði, frá Landsbankanum og Sumargjöf sem gladdi okkur mjög. Börn eru áheyrendur og tónlistarfólk framtíðarinnar og þau eiga að hafa aðgengi að fjölbreyttri menningarflóru."

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 31. JANÚAR 1897

## Austurríska tónskáldið Franz Schubert fæðist

Hið kunna austurríska tónskáld Schubert var fæddur þennan dag í þorpi utan Vínarborgar í Austurríki. Hann var af bláfátæku fólki kominn og ólst hann upp í tuttugu systkina hópi.

Fjölskyldan var tónelsk og söngvin og Franz Pétur, eins og hann hét fullu nafni, lærði snemma að leika á fiðlu. Sagt er að kennari hans hafi orðið að hætta að kenna honum þegar hann hafði öðlast meiri færni en kennarinn. Hann fékk tilsögn í píanóleik hjá eldri bróður sínum og nam söng. Samtímaheimildir herma að Schubert hafi verið fljótur að tileinka sér hljóðfæraleik og söng. Sagt er að söngrödd drengsins hafi vakið svo mikla eftirtekt, að ellefu ára ára gamall hafi honum verið veitt skólavist við skóla, þar sem nemendur voru búnir undir að syngja við keisarahirðina. Fljótlega gekk hann í hljómsveit skólans og var hún fyrst til að leika verk hans opinberlega.



**Schubert samdi sex hundruð sönglög.**

Til er bréf frá Schubert þar sem hann biður eldri bróður sinn um fé til að kaupa mat svo hann geti satt hungur sitt og jafnframt keypt pappír sem hann gæti notað til að skrifa á nótur.

Hann hélt til kennaranáms og varð aðstoðarkennari föður síns, sem einnig starfaði sem barnakennari. Því hefur verið haldið fram að Schubert hafi lagt fyrir sig kennslu til að losna undan herskyldu.

Á sinni tíð samdi Schubert 600 sönglög, sjö fullkláraðar sinfóníur, kirkjulega tónlist, kammerverk og einleiksverk fyrir píanó. Nú á dögum er hann þekktastur fyrir sönglögin, til dæmis Vetrarferðina (þ. Winterreise) og „Die schöne Müllerin", auk sinfóníanna. Franz Schubert lést 19. nóvember árið 1828.




## Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

**Fagraþing 1, 1a og Glæsihvarf 4. Breytt deiliskipulag.**

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 12. nóvember 2019 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Fagraþing 1 og Glæsihvarf 4 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildandi deiliskipulagi samþykkt í bæjarráði 16. ágúst 2007 er gert ráð fyrir tveimur lóðum á deiliskipulagssvæðinu; Fagraþingi 1 alls 3.020 m2 að flatarmáli og Glæsihvarf 4 alls 1.215 m2 að flatarmáli. Á lóðinni Fagraþing 1 stendur einbýlishús á einni hæð byggt 1999 alls 186 m2 að grunnfleti og ásamt 47.4 m2 stakstæðri bílgeymslu (í byggingu) og sökkli að 47.4 m2 hesthúsi/hlöðu samtals 280.8 m2. Lóðin að Glæsihvarfi 4 er óbyggð en þar er ráðgert skv. gildandi deiliskipulagi að reisa tveggja hæða einbýlishús allt að 350 m2 að samanlögðum gólffleti. Jafnframt er gert ráð fyrir að hámarkshæð hússins verði 7.5 m miðað við aðkomuhæð og 3 bílastæði á lóð.

Í tillögu að breyttu deiliskipulagi er gert ráð fyrir þremur lóðum á deiliskipulagssvæðinu í stað tveggja lóða. Fagraþingi 1 verður 2.178 m2 í stað 3.020 m2 með núverandi einbýlishúsi og stakstæðri bílgeymslu, samtals 233.4 m2 en fallið er frá því að reisa hesthús og hlöðu á lóðinni. Fagraþing 1a verður 875 m2 að flatarmáli með 300 m2 leyfilegu byggingamagni, hámarkshæð 7.5 m og 3 bílastæði á lóð. Kvöð er um aðgengi Fagraþings 1a um lóð Fagraþings 1. Glæsihvarf 4 verður 1.182 m2 að flatarmáli með 300 m2 leyfilegu byggingamagni, hámarkshæð 7.5 m og 3 bílastæði á lóð. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 16. október 2019. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en **kl. 15:00 föstudaginn 13. mars 2020.**

*Skipulagsstjóri Kópavogs.*

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Atvinnuauglýsingar

job

### Dalabyggð – hjúkrunarframkvæmdastjóri

intellecta

Dalabyggð óskar að ráða drífandi einstakling í starf hjúkrunarframkvæmdastjóra Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Búðardal. Leitað er að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi með faglega sýn. Á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni eru 10 hjúkrunarrými og 2 dvalarrými. Þar starfa um 15 starfsmenn. Um 100% starfshlutfall er að ræða.

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg **(ari@intellecta.is)** og Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með **10. febrúar 2020.**
Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is**

job **Finnum** draumastarfið saman

### Verkefnastjóri

capacent

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) óska eftir að ráða verkefnastjóra til starfa. Um nýtt og spennandi verkefni er að ræða sem hefur það að markmiði að laða fjárfestingar í landshlutann til að fjölga þar störfum. Ráðið er í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Upplýsingar og umsókn á **capacent.is/s/23185**

### Men&Mice - Sales Specialist

intellecta

We are looking for a team player who is reliable, motivated, dependable, detail-oriented, and dedicated towards our goals.

Further information can be provided by Torfi Markússon **(torfi@intellecta.is)** and Thelma Kristín Kvaran **(thelma@intellecta.is)** at Intellecta,tel + 354 511 1225.

The closing date for applications is **February 2, 2020.**

Applications should be completed on **www.intellecta.is.**

### STARFSMAÐUR Á KJARASVIÐI

**Verkfræðingafélag Íslands leitar eftir starfsmanni á Kjarasvið félagsins. Leitað er að öflugum einstaklingi með góða hæfni til að veita félagsmönnun þjónustu á sviði kjaramála.**

**Umsóknir óskast fylltar út á: www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar**

### VIÐ ÓSKUM EFTIR VERKSTJÓRA

Nói Síríus er öflugt fyrirtæki á matvælamarkaði, þekkt fyrir framleiðslu sína á sælgæti en flytur einnig inn matvöru af ýmsu tagi. Nói Síríus vinnur markvisst að því að ná framúrskarandi árangri með stöðugum umbótum og öflugri stjórnun í anda Lean Management/straumlínustjórnunar.

Nánari upplýsingar veitir Yrsa Guðrún Þorvaldsdóttir, **yrsa@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á: **www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar**

## Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 0 | 1 |
| Ísafjörður | -3 | 9 |
| Akureyri | -1 | 8 |
| Egilsstaðir | -4 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | -1 | 8 |
| Hveravellir | -6 | 8 |

Norðlæg átt 5-13 m/s. Snjókoma með köflum um landið norðanvert, en léttskýjað að mestu syðra. Norðan 8-15 og bætir í ofankomu norðanlands síðdegis. Norðan og norðaustan 5-13 á morgun, en 10-15 undir Vatnajökli síðdegis. Snjókoma með köflum norðanlands, en áfram bjart sunnan til. Frost 0 til 8 stig, kaldast inn til landsins.

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -2 | 4 |
| Ísafjörður | -6 | 3 |
| Akureyri | -4 | 2 |
| Egilsstaðir | -3 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | -1 | 1 |
| Hveravellir | -10 | 6 |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | -4 | 4 |
| Ísafjörður | -7 | 2 |
| Akureyri | -12 | 1 |
| Egilsstaðir | -6 | 1 |
| Kirkjubæjarkl | -6 | 1 |
| Hveravellir | -11 | 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 2 | 8 | | 6 | 1 |
| | | | | | | | 2 | 5 |
| 9 | | 3 | | | | | 7 | 8 |
| 7 | | | | 8 | 2 | | | 6 |
| | | 5 | 3 | | | | 8 | |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | | | 4 | | | 9 | |
| 1 | | | | | | | | |
| | 3 | 6 | | 1 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 3 | 7 | | | 8 | |
| 4 | | | 5 | 8 | 9 | | | |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | 4 | | | 9 | | | 1 | |
| 9 | | | | 2 | 1 | | | 6 |
| 1 | | 5 | | | 8 | 7 | | |
| | | 9 | | 4 | | | | 7 |
| | | | | | 6 | 1 | | 3 |
| | | 6 | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| | | | | | 8 | | 1 | |
| | | | | | 3 | | | |
| | 9 | | | | 7 | | 2 | 8 |
| 2 | 6 | | 4 | | | | | |
| 8 | | | 2 | | | | 3 | |
| | | | 3 | | | 7 | | 5 |
| 4 | | 1 | 6 | | | | 9 | |
| | | 6 | | 9 | | 1 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 fyrirmynd
5 jafnvel
6 næði
8 matjurt
10 tveir eins
11 angra
12 skvamp
13 lasleiki
15 gugginn
17 rusl

**LÓÐRÉTT**
1 horast
2 kvæði
3 skrá
4 hreinskilið
7 vantalinn
9 mótlæti
12 stikaði
14 prjóna-varningur
16 átt



**LÁRÉTT:** 1 mótíf, 5 eða, 6 ró, 8 gulrót, 10 rr, 11 ama, 12 gutl, 13 slen, 15 tekinn, 17 skran. **LÓÐRÉTT:** 1 megrast, 2 óður, 3 tal, 4 frómt, 7 ótalinn, 9 raunir, 12 gekk, 14 les, 16 na.

## Skák Gunnar Björnsson

Símon Þórhallsson (2.203) átti leik gegn Þorvarði F. Ólafssyni (2.188) á Skákhátíð MótX. Þorvarður stóð í þeirri trú að jafntefli væri tryggt eftir hróksfórn á c3.

**1. Hc5+!! Kxc5 2. Kb2 1-0.** Sigurbjörn Björnsson hefur tryggt sér sigur á Skákþingi Reykjavíkur. Hefur fullt hús eftir átta umferðir af níu. Mótinu lýkur á sunnudag.

**www.skak.is:** Jóhann í Gíbraltar.

**Hvítur á leik**




# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

**Enga glansmynd**
Fjórar leikkonur og mæður stiga á svið í Iðnó um næstu helgi og frumflytja verkið **Mæður**. Þær settust niður með blaðamanni og ræddu móðurhlutverkið; þakklætið, hræðsluna, svefnleysið og óttann við að geta aldrei aftur sett á sig maskara.

**Feðgar fóru í heimsreisu**
Feðgarnir **Sverrir Þór Sverrisson** og **Sverrir Friðþjófsson** fóru í fjögurra vikna heimsreisu og tóku upp þáttaseríuna Sveppi skoðar heiminn.



**Næmur á andlega sviðinu**
**Þorsteinn Bachmann** fer með átta hlutverk í söngleiknum Vorið vaknar sem Leikfélag Akureyrar hefur sett á svið í Samkomuhúsinu.

**Borgar sig margfalt að breyta rétt**
**Jamie Nack** hefur um árabil starfað við stefnumótun í loftslagsaðgerðum fyrir stórfyrirtæki og viðburði.



**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




hopster
Barnaefni
á íslensku
Efnisveitan Hopster
Þættir, leikir og fræðsla fyrir yngstu börnin
í sjónvarpinu og snjalltækinu. Allt efni
með íslensku tali og engar auglýsingar.
Tryggðu þér áskrift á vodafone.is
vodafone

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Kassatilboð

24 x 250 ml




**Engin kolvetni**
Sykurlaus - 80 mg koffein

**1.500** kr./kassi

**ES Orkudrykkur**
Sykurlaus, 24x250 ml

500ml




**98** kr./0,5 l

**Coca Cola Light**
500 ml

2l




**198** kr./2 l

**Coca Cola Light**
2 lítrar




**98** kr./500 ml

**UpGrade Íþróttadrykkur**
500 ml, 4 teg.




**79** kr./250 ml

**Oatly Hafradrykkur**
Súkkulaði, 250 ml




**198** kr./150 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
2 teg., 150 g




**279** kr./1 l

**Yosa Hafradrykkur Rich**
Barista, 1 l

## HOLLT OG GOTT Í BÓNUS

1l




**198** kr./1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri




**898** kr.

**Lýsi Omega3 + D**
120 perlur




**898** kr./pk.

**Lýsi Heilsutvenna**
32 dagskammtar




**2.698** kr.

**Protis Kollagen**
120 hylki

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1 kg




**998** kr./1 kg

**Venezia Kaffibaunir**
Espresso, 1 kg

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt




**1.498** kr./kg

**ÍL Lambalæri**
Ferskt, uppþítt




**1.598** kr./kg

**ÍL Lambalæri**
Ferskt, uppþítt, kryddað

**ÍSLENSKT**
Grísakjöt




**579** kr./kg

**SG Grísabógur**
Ferskur.




**1.398** kr./kg

**SG Grísahnakkasneiðar**
Ferskar

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

770g






**695** kr./500 g

**Jarðarber**
500 g




**895** kr./500 g

**Bláber**
Perú, 500 g

1 kg




**498** kr./1 kg

**Bio Epli**
Lífræn, 1 kg, Ítalía

**259** kr./stk.

**Bónus Heilkornabrauð**
770 g

BÓNUS®

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Verk sem sjaldan heyrast

**Í Hörpu verða flutt verk sem ekki hafa verið leikin oft hér á landi, sum aldrei, og nýtt íslenskt verk. Elfa Rún Kristinsdóttir er listrænn stjórnandi tónleikanna.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari, Barokkbandið Brák og Francesco Corti semballeikari koma fram á tónleikum í Hörpu á sunnudaginn, 2. febrúar. Yfirskrift tónleikanna er Frumkvöðlar úr fortíð og nútíð.

**Íslenskt verk frumflutt**

Á efnisskránni eru klassísk verk sem ekki hafa verið leikin oft opinberlega hér á landi, sum jafnvel aldrei, og nýtt íslenskt verk. „Við leikum tvöfaldan konsert fyrir fiðlu og sembal eftir Joseph Haydn sem ég veit ekki til að hafi verið spilaður hér áður. Ég hef einu sinni heyrt hann spilaðan á tónleikum erlendis og það var fyrir fimmtán árum,“ segir Elfa Rún, sem er listrænn stjórnandi tónleikanna og leiðandi í Brák. „Á efnisskrá eru einnig tvær strengjasinfóníur eftir Carl Philipp Emanuel Bach. Þær eru mjög skemmtilegar og afar krefjandi í flutningi. Við leikum líka tríó sónötu eftir Johann Friederich Fasch, sem er örugglega flutt hér á landi í fyrsta sinn. Á tónleikunum verður svo frumflutt verk eftir Hlyn A. Vilmars sem var pantað sérstaklega fyrir tónleikana.“

**Einn fremsti semballeikari heims**

Elfa Rún og semballeikarinn Francesco Corti kynntust þegar þau unnu bæði fyrstu verðlaun í alþjóðlegu Bach-keppninni í Leipzig árið 2006. Hún hefur búið í Berlín í þrettán ár, er margverðlaunaður fiðluleikari og hefur komið fram á tónleikum víða um heim, ýmist sem einleikari, konsertmeistari eða flytjandi kammertónlistar.



Elfa Rún Kristinsdóttir er listrænn stjórnandi tónleikanna Frumkvöðlar úr fortíð og nútíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hann er einn fremsti semballeikari heims og spilar um allan heim en gegnir einnig prófessorsstöðu við Schola Cantorum í Basel. „Ári eftir keppnina í Leipzig spiluðum við nokkrum sinnum saman, meðal annars á tónleikum hér á Íslandi, en hittumst síðan ekki aftur fyrr en á tónlistarhátíð í Þýskalandi fyrir tveimur árum þar sem við spiluðum sitt með hvorum hópnum. Yfir kaffisopa uppgötvuðum við að við erum mikið að spila með sama tónlistarfólkinu með hinum ýmsu barokkhópum víðs vegar um Evrópu. Þá datt mér í hug að bjóða honum að koma hingað og hann þáði boðið,“ segir Elfa Rún.

> **YFIR KAFFISOPA UPPGÖTVUÐUM VIÐ AÐ VIÐ ERUM MIKIÐ AÐ SPILA MEÐ SAMA TÓNLISTARFÓLKINU MEÐ HINUM ÝMSU BAROKKHÓPUM VÍÐS VEGAR UM EVRÓPU.**

Þessir áhugaverðu tónleikar Brákar, Elfu Rúnar og Francesco Corti hefjast klukkan 16.00 í Norðurljósasal Hörpu.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**31. JANÚAR 2019**

**Hvað?** Velferðarkaffi
**Hvenær?** 08.15
**Hvar?** Félagsstarfinu í Hæðargarði 31
Fjallað er um þjónustu velferðarsviðs frá ýmsum hliðum.

**Hvað?** Málþing um náttúruvernd á miðhálendinu
**Hvenær?** 14.00-17.00
**Hvar?** Frægarður, húsnæði Landgræðslunnar í Gunnarsholti, Rangárvöllum
Umræður um áherslur og sjónarmið varðandi hálendisþjóðgarð.

**Hvað?** Unga fólkið á Myrkum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Flutningurinn verður í höndum kammersveitar skipaðri ungum tónlistarmönnum frá Conservatorio di „Santa Cecilia“ í Róm og Tónlistarskóla Kópavogs.

**Hvað?** Tangó praktíka og milonga
**Hvenær?** 21.00-24.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentínskur tangó dunar.

**Hvað?** Intertwined / Myndlistarsýning
**Hvenær?** 19.00-22.00
**Hvar?** Deiglan, Akureyri
Çağlar Tahiroğlu, gestalistamaður Gilfélagsins, sýnir afrakstur dvalar sinnar í gestavinnustofunni og í Lýðveldinu Kongó.

**Hvað?** Láttu mig reyna … heyrirðu í mér núna?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Heiða Árnadóttir flytur verk sem sérstaklega voru samin fyrir hana.

# Sterkar konur

**KVIKMYNDIR**

**Little Women**

★★★★☆

**Leikstjórn:** Greta Gerwig
**Aðalhlutverk:** Saoirse Ronan, Emma Watson, Florence Pugh, Eliza Scanlen, Laura Dern, Timothée Chalamet og Meryl Streep

Saga Louise May Alcott, Little Women, sem fjallar um Marchsysturnar fjórar, hefur heillað lesendur allt frá útkomu árið 1868 og ótal kvikmyndir og sjónvarpsseríur hafa verið gerðar eftir henni.

Little Women er kvennasaga. Karlmennirnir í sögunni eru unnustar og eiginmenn sem eru í skugga sterkra kvenna sem leggja undir sig sögusviðið. Það er ekki undarlegt að Greta Gerwig hafi stokkið á þetta efni og sett eigið handbragð á það. Aðalpersóna Little Women er Jo March sem þráir að verða rithöfundur og þarf að hafa mikið fyrir því að ná takmarki sínu. Það er þessi þrá Jo sem Gerwig gerir að útgangspunkti myndarinnar og blandar inn í hana á afar fimlegan hátt hugleiðingum um stöðu kvenna á tíma þegar þær þóttu best geymdar í hjónabandi.



Saoirse Ronan er hreint dásamleg í hlutverki Jo og er tilnefnd til Óskarsverðlauna.

Hlutverk Jo er stjörnuhlutverk og Katharine Hepburn og Winona Ryder gerðu sér mat úr því í stórgóðum kvikmyndum frá 1933 og 1994, og sú síðarnefnda var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn. Í þessari kvikmyndagerð sögunnar leikur Saoirse Ronan hina sérlunduðu og sjálfstæðu Jo March. Ronan er gríðarlega hæfileikarík leikkona og skapar hér dásamlega og töfrandi aðalpersónu sem er skapmikil og hvatvís og rekin áfram af takmarkalausri þrá til að skapa.

Í fyrri kvikmyndum um systurnar fjórar hefur aðaláherslan verið á gagnkvæma væntumþykju og samstöðu systranna en Gerwig, sem skrifaði handritið, beinir sjónum að togstreitu milli Jo og systur hennar Amyar sem finnst hún stöðugt hafa staðið í skugga Jo. Florence Pugh leikur Amy með miklum ágætum og Emma Watson og Eliza Scanlen eru sömuleiðis í fínu formi sem Meg og Beth.

Samleikur leikkvennanna er afar minnisstæður, þær skapa nánd og áhorfandinn finnur næstum áþreifanlega hversu sterkum böndum systurnar bindast. Laura Dern er sannfærandi sem hin ástríka móðir þeirra og Timothée Chalamet í hlutverki Laurie skapar ungan ráðvilltan mann sem er í leit að tilgangi. Meryl Streep bregst svo vitanlega ekki í kómísku hlutverki hinnar nöldursömu March frænku.

Hér eru atriði sem unnendur bókarinnar gjörþekkja, eins og þegar systurnar fara með jólamatinn til fátæku móðurinnar, systurnar ásamt móðurinni að lesa bréf frá föðurnum, Jo og Laurie á skautum að bjarga lífi Amyar og Beth yfirkomin af þakklæti vegna píanósins sem herra Laurence hefur gefið henni. Þannig er Gerwig trú sögunni sem hún er að segja um leið og hún setur sitt eigið mark á myndina. Kvikmyndataka, búningar og tónlist eru svo til fyrirmyndar.

Myndin er tilnefnd til sex Óskarsverðlauna en Gerwig er ekki tilnefnd til verðlaunanna fyrir leikstjórn sína, eins og hún hefði átt skilið, enda myndin ein af bestu kvikmyndum síðasta árs.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg og heillandi kvikmynd um sterkar og sjálfstæðar systur. Allir standa sig með prýði en Saoirse Ronan sýnir stórleik í hlutverki Jo.

# HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**93.000** Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000
eða sendu póst a orn@frettabladid.is.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.




*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS






# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Skrefinu lengra (e)** Frábærir þættir í umsjón Snædísar Snorradóttur þar sem fjallað er um alla flóru námskeiða og tómstunda sem í boði eru fyrir fólk á öllum aldri.
**20.30 Fasteignir og heimili (e)** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
**21.00 Stóru málin** Hress og skemmtilegur þjóðmálaþáttur þar sem stóru málin eru tekin fyrir.
**21.30 Saga og samfélag (e)** Saga og samfélag er nýr þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Gettu betur 1992 FB - MA**
**14.00 Enn ein stöðin**
**14.20 Poirot - Ævintýri Johnnies Waverly**
**15.10 Söngvaskáld Björn Jörundur**
**16.00 Orlofshús arkitekta**
**16.30 Tónspor - Áskell Másson og Lára Stefánsdóttir**
**17.00 Siglufjörður - saga bæjar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hvergidrengir**
**18.27 Tryllitæki**
**18.35 Hjá dýralækninum**
**18.40 Krakkafréttir vikunnar** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára þar sem litið er yfir það helsta í fréttum liðinnar viku.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Gettu betur** Í þessum þætti mætast lið Tækniskólans og Borgarholtsskóla. Lið Tækniskólans skipa Auður Aþena Einarsdóttir, Emil Uni Elvarsson og Þorsteinn Magnússon. Lið Borgarholtsskóla skipa Fanney Ósk Einarsdóttir, Magnús Hrafn Einarsson og Viktor Hugi Jónsson.
**20.55 Vikan með Gísla Marteini**
**21.40 Martin læknir Doc Martin** Breskir gamanþættir um lækninn Martin Ellingham sem er fær læknir en með afbrigðum klaufalegur í mannlegum samskiptum.
**22.30 Vera - Svikin loforð. Vera - Broken Promise** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglukonu á Norðymbralandi. Nemi í háskólanum í Norðymbralandi fellur af þaki skólahússins og þá er Vera kölluð á vettvang. Með aðalhlutverk fara Brenda Blethyn og David Leon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.00 Geislavirk ást Grand Central**
**01.30 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Saudi International** Bein útsending frá Saudi International.
**10.10 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.
**11.05 Inside the PGA** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.
**11.30 Saudi International** Bein útsending frá Saudi International.
**14.30 PGA Tour** Útsending frá Waste Management Phoenix Open.
**20.00 PGA Tour** Bein útsending frá Waste Management Phoenix Open.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Family Guy**
**14.15 Top Gear**
**15.15 Top Gear. Extra Gear**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Salmon Fishing in the Yemen**
**21.00 The Bachelor**
**22.25 Love Island**
**23.10 Love Island**
**23.55 The Late Late Show**
**00.40 Pioneer**
**02.30 Minority Report**
**04.50 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunhugleiðsla**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Glans**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur - Fleiri Rolling Stones lög**
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Hjartastaður Tólfti lestur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.15 Golden Exits**
**10.50 Foodfight!**
**12.20 The Curious Case of Benjamin Button**
**15.05 Golden Exits**
**16.40 Foodfight!**
**18.15 The Curious Case of Benjamin Button**
**21.00 Kingsman. The Secret Service**
**23.10 God's Own Country**
**00.55 Life**
**02.40 Kingsman. The Secret Service**

## STÖÐ 2

**08.00 Friends**
**08.25 Gilmore Girls**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Famous In love**
**10.15 Lego Masters**
**11.05 Jamie's Quick and Easy Food**
**11.30 Lóa Pind. Snapparar**
**12.10 Fósturbörn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Can You Ever Forgive Me**
**14.45 Arthur Miller. Writer**
**16.25 One Nation Under Stress**
**17.41 Bold and the Beautiful**
**18.01 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.51 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Allir geta dansað**
**21.05 The Favorite**
**23.05 The Book of Love**
**00.50 Mile 22**
**02.25 Bad Times at the El Royale** Spennumynd frá 2018 með frábærum leikurum á borð við Jeff Bridges, Jon Hamm og Chris Hemsworth. Myndin fjallar um sjö gerólíka einstaklinga, sem allir hafa einhverju að leyna, og hittast á El Royale-hótelinu við Tahoe-vatn þar sem skuggaleg fortíðin svífur yfir vötnum. Á El Royale-hótelinu,sem stendur á ríkjamörkum Nevada og Kaliforníu er helmingur herbergjanna Nevada-megin en hinn helmingurinn Kaliforníu-megin.

## STÖÐ 3

**19.10 Fresh Off The Boat**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 The Simpsons**
**21.15 American Dad**
**21.40 Crashing**
**22.15 Jett**
**23.20 Friends**
**23.45 Seinfeld**
**00.10 Fresh Off The Boat**
**00.35 Schitt's Creek**
**01.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50 ÍBV - Valur** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**09.20 Afturelding - FH** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**10.50 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís deildarinnar.
**12.20 QPR - Sheffield Wednesday** Útsending frá leik í FA Cup.
**14.00 Valencia - Barcelona**
**15.40 Spænsku mörkin** Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
**16.10 KR - ÍR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
**17.50 La Liga Report** Upphitunarþáttur fyrir leikina í spænsku úrvalsdeildinni.
**18.20 Grindavík - Fjölnir** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
**20.10 Stjarnan - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
**22.10 Dominos - Körfuboltakvöld karla**
**23.40 Umræða um 18. umferð kvenna** Dominos Körfuboltakvöld kvenna.
**00.00 Derby - Stoke** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**19.40 Derby - Stoke** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Litur: 5490 SERENE BLUE
Málning: LADY Pure Color
25%
afsláttur
af allri LADY málningu
2 fyrir 1
af öllum litaprufudósum
Græn vara
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
Málningar- og parketdagar
Ótrúlegt úrval og frábært verð
Parket á mynd: Linen Eik 8 mm
Vnr. 147430
25%
afsláttur
af öllu parketi
Sjáðu allt úrvalið í Skútuvogi og husa.is

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



Jeanette Madsen og Þóra Valdimars, listrænir stjórnendur kjólamerkisins Rotate Birger Christensen. MYNDIR/GETTY



Lisa Hahnbueck í Burberrydúnúlpu, peysu frá Stine Goya, kærastabuxum, hælum frá Amina Muaddi og með tösku frá Hermes.

Sólgleraugu með öðruvísi lituðum glerum halda áfram að vera vinsæl.

# Tískuvikan í Kaupmannahöfn

Nú fer fram tískuvikan í Kaupmannahöfn. Danirnir þykja einstaklega smart og framsæknir þegar kemur að tísku. Fremst í flokki jafningja er hin íslenska Þóra Valdimars, en hún er listrænn stjórnandi merkisins Rotate Birger Christensen ásamt Jeanette Madsen.

Síðustu sýningar tískuvikunnar í Kaupmannahöfn fóru fram í gær, en stærstu nöfnin sýndu þá. Ganni, By Malene Birger, Wood Wood og Rotate Birger Christensen sýndu við góðar viðtökur, en hin íslenska Þóra Valdimars er annar listrænn stjórnandi merkisins. Hún var áður tískuritstjóri eins stærsta tískutímarits Dana, Costume. Dönsku tískuskvísurnar þykja bera af í smekklegheitum, og blanda vel saman skandinavíska stílnum en eru þó tilbúnar að taka meiri sénsa en stöllur þeirra á hinum Norðurlöndunum. Tískuvikan í ár fylgdi þeirri nýbreytni að gerð var krafa á öll fatamerkin sem tóku þátt um að fylgja skynsömum umhverfissjónarmiðum í framleiðslu sinni.

steingerdur@frettabladid.is



Litríkur gestur tískuvikunnar. Það er greinilegt að sama litagleði og var vinsæl síðasta sumar heldur velli.



Tamara Kalinic í geggjaðri bleikri kápu við gular buxur. Kemur skemmtilega út. Sandra Hagelstram í flottri köflóttri úlpu.



Þessar fjórar hafa greinilega valið fötin í stíl, en það kemur mjög vel út.



Vinsældir smátaskanna eru ekkert að dvína. Þessi rauða taska er frá merkinu Boyy.

Öðruvísi og flott stígvél gefa heildarútlitinu skemmtilega mynd.



Það rigndi á gesti tískuvikunnar en þessar þrjár létu það ekki á sig fá og mættu vel dúðaðar og í regnkápum.

ht.is

# RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

LÝKUR UM HELGINA!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

*OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!*

Vígreifur hópur Íslendinga sem er í London til þess að fagna Brexit nýtur góðs af því að með í för er alþjóðastjórnmálafræðingurinn **Jón Kristinn Snæhólm** en tengingar hans við Íhaldsflokkinn opna íslenska klappliðinu leið inni í Westminster.



Jón Kristinn Snæhólm og Boris Johnson hafa báðir Winston Churchill í hávegum og telja Brexit í anda stríðsforsætisráðherrans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sögulegur Brexit-vinafundur

Bretland gengur formlega úr Evrópusambandinu í dag þannig að hvernig sem á það er litið verður 31. janúar 2020 söguleg dagsetning héðan í frá. Hvort fólk harmi eða fagni hinu stóra Brexit-skrefi dagsins ræðst vitaskuld fyrst og fremst af því úr hvaða átt það horfir á málið og flestir flugu þeir til London frá hægri, Íslendingarnir sem í gær héldu í leiðangur til þess að fagna Brexit með þarlendum.

„Þetta er svona sameiginlegt ferðalag. Þarna eru félagar úr Heimssýn, Félagi Sjálfstæðismanna um fullveldismál, og svo bara svona Sjálfstæðismenn eins og ég sem er bara að fara til þess að vera viðstaddur þennan sögulega atburð,“ segir alþjóðastjórnmálafræðingurinn Jón Kristinn Snæhólm sem var framarlega í flokki íslenska föruneytisins sem hélt utan í gær.

### Taka tvö

„Ég var þarna líka í apríl þegar við héldum að við værum að ganga út þannig að þetta er tilraun númer tvö hjá mér til að verða vitni að Brexit. Þetta er stórt mál í Bretlandi og aðdragandinn búinn að vera gríðarlegur,“ heldur Jón Kristinn áfram og rekur fyrstu skref hinnar langdregnu útgöngu til Margrétar Thatcher sem hann hefur að vonum í miklum metum. „Þetta er búið að kljúfa Íhaldsflokkinn í tugi ára.“



**Boris Johnson verður aðalgæinn og stjarna dagsins í Brexit-fagnaðarlátunum þar sem íslenskir aðdáendur hans ætla ekki að láta sig vanta.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Brexit-hópurinn frá Íslandi telur fyrst og fremst félaga í Heimssýn, hreyfingu Sjálfstæðissinna í Evrópumálum, sem flugu utan í gær til þess að vera örugglega mættir í tæka tíð á Brexit-hátíðarhöldin á Parliament Square í London í kvöld.

Þeir munu síðan einnig njóta þess að hafa Jón Kristin í þeirra útgönguröðum um helgina þótt hann komi ekki beint að skipulagi ferðarinnar.

### Íhaldshaukar í horni

„Okkur er boðið inn í Romford-kjördæmi í Norður-London og gleðskap í höfuðstöðvum Íhaldsflokksins þar en húsið heitir Lady Thatcher House,“ segir Jón Kristinn en Andrew Rosindell, þingmaður Romford, er gamall vinur Jóns og tíður gestur á Íslandi. „Júú, þetta er í gegnum mín sambönd. Ég á góða vini þarna og ætla að leiða hópinn á þessar slóðir.“

> ÉG HEF NÁTTÚRLEGA STARFAÐ MEÐ BRESKUM ÍHALDSMÖNNUM MJÖG LENGI OG ÞETTA ERU VINIR MÍNIR SEM HAFA STAÐIÐ Í ÞESSU.

> JÚÚ, ÞETTA ER Í GEGNUM MÍN SAMBÖND. ÉG Á GÓÐA VINI ÞARNA OG ÆTLA AÐ LEIÐA HÓPINN Á ÞESSAR SLÓÐIR.

Og slíkur höfðingi er Íslandsvinurinn í Romford heim að sækja að „síðan á laugardeginum ætlar Andrew að fara með okkur í ferð og sýna okkur House of Commons og lávarðadeildina. Það er meiri háttar dæmi að sjá þingið sem er náttúrlega vagga lýðræðis í heiminum.“

### Góðra Brexit-vinafundur

„Ég hef náttúrlega starfað með breskum íhaldsmönnum mjög lengi og þetta eru vinir mínir sem hafa staðið í þessu,“ segir Jón Kristinn og nefnir sérstaklega, auk Romfords, „hugmyndafræðinginn að Brexit“, eins og hann kallar vin sinn Daniel Hannan.

„Hann var búinn að vera í tuttugu ár á Evrópuþinginu og hefur verið með málefnaleg rök að hætti Jóns Sigurðssonar gegn Dönum á meðan Nigel Farage var þessi æsingamaður og popúlisti,“ segir Jón Kristinn og bætir við að Hannan hafi komið fyrst til Íslands fyrir tuttugu árum, hann lesi Heimskringlu og að vinir hans hafi haldið honum steggjapartí á Íslandi. „Þannig að tengslin eru svo mikil að ég er bara að samfagna með þessu fólki.“ **toti@frettabladid.is**






**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

TAKMARKAÐ MAGN!

KFC

# EKKI KJÚKLINGABORGARI

SMAKKAÐU Á UNDAN ÖLLUM HINUM!

**AÐEINS Í DAG Á KFC SUNDAGÖRÐUM**




**KR 1.129** STAKUR

FORSKOT Á SÆLUNA FRÁ KL. 11
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**KR 1.639** MÁLTÍÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**550 5000** **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg. ehf **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!
TÖLVULISTINN
tl.is


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Paradísarbíóið

Ég var sex ára þegar nýtt kvikmyndahús var opnað við Hverfisgötuna á öðrum degi jóla 1977. Bíóið hét Regnboginn og þótti ekki síst merkilegt vegna þess að sýningarsalirnir voru fjórir, A, B, C, D, þannig að hægt var að „sýna þar fjórar kvikmyndir samtímis“ eins og það var orðað í Vikunni og fleirum en litlum bíónörd í Kópavogi þóttu hin mestu undur og stórmerki.

Mamma og pabbi fóru einu sinni með mig á Buster Keaton-hátíð í Regnboganum á einu af mörgum mikilvægum námskeiðum þeirra í kvikmyndauppeldi mínu. Ætli ég eigi bíóinu við Hverfisgötu kannski að þakka að hafa fengið að njóta þess að sjá The General og Steamboat Bill, Jr. sem barn?

Nýja bíó, Gamla bíó, Tónabíó og Stjörnubíó heyra sögunni til en mikilvægar senur úr bíóævisöguminni í sölum þeirra lifa í minningunni en þær sem ég á úr Regnboganum eru eiginlega áþreifanlegar enn þá vegna þess að Regnboginn lifir enn í Bíó Paradís þannig að ég get illa sætt mig við boðaðan bíóparadísarmissi.

Paradísarbíóið er löngu orðið að vin í andlegri eyðimörk sem þornar hratt upp þarna í miðbænum. Paradís er eitthvað miklu meira og merkilegra en bara bíó. Myndirnar sem við sjáum þar eru ekki sýndar annars staðar og þarna eiga ábyrgir foreldrar að ala bíónördana sína upp.

Ég nenni ekki að pæla í þessu sem reikningsdæmi eða bresta í háfleygar aríur um græðgisvæðingu, framboð, eftirspurn og opinberar niðurgreiðslur. Mikilvægi Bíó Paradísar verður ekki reiknað í Excel og því verður bara bjargað með hjartanu. Við getum ekki látið það brenna ofan af okkur, er það nokkuð, Alfredo?








STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.




ÚTSALA

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN










SERTA REEDSWORTH

Frábær dýna frá Serta sem unnin er í samvinnu við American Sleep Foundation. **Nú með 40% afslætti. Hentar bæði í hefðbundna botna og stillanlega.**

40% AFSLÁTTUR

80 x 200 cm
65.400 kr
Fullt verð: 109.000 kr.

90 x 200 cm
71.400 kr
Fullt verð: 119.000 kr.







FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK